

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

DESEMBER 2012



12. tbl. 15. árg.

Frumherji
Bifreiðaskoðun
Hólmastóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is

Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Gleðileg jól!

Það var hugljúf og hátíðleg jólastemming í Fríkirkjunni við Tjörnina sl. sunnudagskvöld á aðventukvöldi sem sr. Hjörtur Magni Jóhannsson leiddi. Ræðumaður kvöldsins var Jakob Frimann Magnússon, tónlistarmaður og framkvæmdastjóri miðborgarinnar. Sigurður Guðmundsson úr hljómsveitinni Hjálmmum flutti nokkur lög, tónlistarflutningur var í höndum sönghóps Fríkirkjunnar ásamt hljómsveit skipaðri þeim Gunnari Gunnarssyni, Tómasi R. Einarssyni, Matthíasi Hemstock og Snorra Sigurðarsyni, auk blásarakvartetts. Í lokin bættist svo barnakór við hópinn.

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080
Verslun við litla manninn

icelandic FISH & CHIPS
Organic bistro
Tryggvagötu 8 / 101 Reykjavík
Sími/Tel +354 5 11 11 18

HAGABAKARÍ
handbragð meistarans
Hagamel 67
Sími 552 1510

VEISLUBAKKAR
PANTANIR Í SÍMA
517 3366
WWW.SUSHISMIDJAN.IS
sushismiðjan
RESTAURANT
VIÐ SMÁBÁTAHÖFINA
OPIÐ TIL 22:00

PANTABU Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345

Slökkvitækja-Þjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Hringbraut
Hringbraut 119
Sími: 55 44444

Fljótt og Gott
HEIMILISMATUR ALLA DAGA
FRÁ KL. 10.00 TIL 21.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMÍÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Tilboð á Hólsfjallahangikjöti

Hreindýrakjöt
er komið!

Melabúðin
þín verslun

Sími 551-0224



Quality Street
2 kg kr 3.498.-
aðeins um
helgina



Nóa konfekt
1 kg kr 2.498.-
aðeins um
helgina



Coca Cola
4x2 ltr kippa
kr. 798.-
aðeins um
helgina



HÁTÍÐARMATURINN: Hreindýrakjöt, villigæsir, confit, hamborgarhryggir, foie gras, kalkúnar, Labeyrie andabringur, krónhjartarkjöt, svinakjöt, Hólsfjallahangikjöt, KEA hangikjöt, SS-hangikjöt, nautakjöt, fasanar, aliendur, stökkandabringur, aligæsir, kengúra, lambakjöt, allskonar villibrað ofl.

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

12. tbl. 15. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Náungakærleikur og jákvæðni á jólum

Vesturbærinn er gott hverfi að búa í. Þar eru góðir grunnskólar, góð almenn þjónusta á flestum sviðum og nágrannakærleikur sem m.a. sýnir sig í nágrannavörslu sem óvíða er meiri en í Vesturbænum. Það er notarleg tilfinning að geta brugðið sér af bæ, jafnvel til útlanda án þess að hafa stórar áhyggjur af veraldlegum verðmætum í íbúðinni eða við hana. Góðir nágrannar eru mikils virði, þeir eru ofar verðmati dauðra hluta sem þó geta verið nauðsynleg eign í nútíma þjóðfélagi. Þeir íbúar í Vesturbænum sem enn hafa ekki komið sér saman um nágrannavörslu eru því eindregið hvattar til að drífa í málunum, helst strax á nýju ári. Bæði þjónustumiðstöð Vesturbæjar og lögreglan veita góðfúslega góð ráð í því sambandi. Það er hluti af nágrannakærleika að láta gott af sér leiða. Það sýndu nemendur Hagaskóla svo sannarlega fyrir skemmstu þegar þeir létu ágóða af dansleik renna til Bleiku slaufunnar, sem er tákn Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini í konum. Til að gæta jafnréttis kynjanna láta Hagaskólanemendur kannski næsta framlag renna til Bláa naglans, sem er tákn í baráttunni gegn krabbameini í blöðruhálskirtli í körlum. Jólin eru hátíð ljóssins. Þá gleðst fólk, heimsækir ættingja og vini, skiptist á gjöfum og borðar góðan mat. Þannig viljum við hafa það, og þannig hafa margir það, en því miður ekki allir. Svo virðist sem bilið hinna ríku og fátæku hafa eitthvað breikkað eftir að efnahagskreppan skall á, fjöldi manns hefur efni á að kaupa dýra aðgöngumiða að jólatónleikum og fara í innkaupaferðir erlendis. Fleiri þurfa aðstoð til að lifa mannsæmandi lífi en oft áður, ekki bara um jólin heldur alla daga ársins. Þeir sem aflögu eru færir ættu að huga að þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn og fleiri aðilar veita neyðaraðstoð fyrir komandi jól til þeirra sem raunverulega eru hjálpar þörf. Lifum við í góðu og mannvænu þjóðfélagi? Maður hefur leyfi til að efast um það þegar tölur um þá sem þurfa aðstoð fyrir hátíðarnar eru birtar. Sýnum umburðarlyndi og nágrannakærleika í anda jólahátíðarinnar. Það er svo gott fyrir sálarlífið. Þrátt fyrir allar þrengingar í efnahagslífi þjóðarinnar og hjá allt of mörgum einstaklingum er gott að vera jákvæður, það veitir birtu í sálina. Því má spyrja hvað er gott í heimi hér? Fyrrum var sagt að það væri fernt; gamall viður í arineld, gamalt vín til að dreypa á, gamlar bækur að glugga í og gamlir vinir sem treysta má. Gott að hafa það í huga um hátíðarnar.

VESTURBÆJARBLAÐIÐ sendir öllum lesendum sínum nær og fjær hugheilar jóla- og nýárskveðjur með ósk um frið á komandi ári.

Geir A. Guðsteinsson

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Jólasýning í Leikvallarskýlinu, Héðinsvelli

Í Leikvallarskýlinu á Héðinsvelli er búið að setja upp tvö gömul jólatré sem prýddu stofur tveggja heimila í verkamannabústöðunum á seinni hluta síðustu aldar. Annað jólatréð er hefðbundið gervijólatré eins og þá tíðkuðust, skreytt með gamla skrautinu og dásamlega mjúku englahári. Á borðið sem tréð stóð á var breidd út bómull og jóla-sveinar af ýmsu tagi stóðu þar. Hitt tréð smíðaði pabbi fyrir dóttur sína. Það er úr gömlu kústskafti og listum, málað grænt og skreytt með bjöllum og kertum. Nú hefur jóla-sería leyst kertin af hólmi en margar bjöllurnar eru gamlar og jafnvel eldri en jólatréð og hafa skrytt það hver jól síðan. Almanakið er frá um 1960. Það var tekið fram 1. desember ár hvert og alltaf sama tilhlökkunin að opna nýjan glugga daglega til jóla.

UMFÍ fellur frá byggingaáætlun við Tryggvagötu

Á fundi borgarráðs var lagt fram bréf Ungmennafélags Íslands, dags. 14. nóvember 2012, varðandi afturköllun vilyrðis um úthlutun lóðar að Tryggvagötu 13. Fjármálaskrifstofu var falið að ganga frá uppgjöri á útlögðum kostnaði gegn framlagningu reikninga. Telst þar með áður gefið vilyrði úr gildi fallið. Beiðni UMFÍ var samþykkt.

Íþrótt- og tómstundaráð kynnti sér starfsemi KR

Í lok nóvembermánaðar var haldinn fundur íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur hjá KR í Frosta-skjóli. Mætt voru Eva Einarsdóttir formaður, Eva Baldursdóttir, Karl Sigurðsson, Stefán Benediktsson, Björn Gíslason og Marta Guðjónsdóttir og jafnframt Hermann Valsón áheyrnarfulltrúi, Frímann Ari Ferdinandsson, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri, Ómar Einarsson framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri. Fram fór kynning á starfsemi KR en Jónas Kristinsson framkvæmdastjóri og Guðjón Guðmundsson formaður KR tóku á móti ráðinu og kynntu félagið og starfsemi þess. Tveir fulltrúar mættu ekki fyrr en klukkutíma eftir að fundur hófst, hvort sem það var af áhugaleysi fyrir starfsemi KR eða af öðrum ástæðum.

Spennistöð við Austurbæjarskóla breytist í félagsmiðstöð

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að á næsta ári verði hafist handa við að breyta spennistöðinni við Austurbæjarskóla í félags- og menningarmiðstöð fyrir börn og unglinga og aðra íbúa hverfisins. Jafnframt hvetur ráðið til þess að skoðaðir verði möguleikar á því að húsið verði

standsett með aðstoð foreldrafélags skólans og að framkvæmdir verði liður í verkmenntun nemenda í Tækniskólanum sem stunda nám í næsta húsi við Austurbæjarskóla. Í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að 20 milljónum króna verði varið til þessa verkefnis. Skóla- og frístundaráð telur þá fjárveitingu skynsamlega sem fyrsta skrefið við endurbyggingu spennistöðvarinnar svo draumurinn um félags- og menningarmiðstöð fyrir börn og unglinga í 101, geti orðið að veruleika.

Flotbryggja við ráðhúsið

Á fundi skipulagsráðs borgarinnar 5. desember sl. var lagt fram erindi frá afaðgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem spurt er hvort leyft yrði að staðsetja u.þ.b. 30 fermetra flotbryggju við suðurhlíð ráðhúss Reykjavíkur á lóð nr. 11 við Tjarnargötu. Notkun bryggjunnar verður tengd veitingarekstri kaffistofu ráðhússins. Erindinu var vísað til umsagnar umhverfis- og samgöngusviðs og var nú lagt fram að nýju ásamt umsögn. Skipulagsráð gerði ekki athugasemdir við erindið en benti á að sækja þarf um byggingarleyfi.

Sótt um byggingu fjölbýlishúss að Grandavegi 44

Á afgreiðslufundi byggingafulltrúa borgarinnar fyrir skömmu sótti Þingvangur ehf. í Kópavogi um leyfi til að byggja staðsteypt fjölbýlishús, einangrað að utan og klætt flisum og málmplötum, með 99 íbúðum, tíu hæðir og bílakjallara fyrir 73 bíla að Grandavegi 44. Afgreiðslu var frestað og vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

Melaskóli hlaut silfur á jólaskákmóti TR

Sunnudaginn 2. desember sl. fór fram Jólaskákmót Taflfélags Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs. Melaskóli sendi eina sveit til keppni. Í sveitinni voru; Björn Ingi Helgason, Ellert Kristján Georgsson, Kolbeinn Ólafsson, Sigurður Kjartansson, Katrín Kristjánsdóttir og Svava Þorsteinsdóttir. Til leiks voru mættar 17 sveitir. Sveit Melaskóla stóð sig frábærlega og náði silfrinu á mjög öruggan hátt með því að fá 19.5 vinninga af 24 mögulegum. Sveitin hafði tryggt sér silfrið fyrir síðustu umferð og var skammt á eftir sigursveit Rimaskóla sem hlaut 22.5 vinninga. Reyndist viðureign þessara tveggja skóla um mitt mótið vera úrslitaviðureign. Fór hún 3-1 fyrir Rimaskóla en um tíma stefndi í sigur Melaskóla.

Aukin áhersla á gæði máltíðar

Borgarráð hefur samþykkt að leggja aukna áherslu á gæði skólamáltíða í leik – og grunnskólunum. Áfram verður eldað í hverjum skóla,

en ráðnir verða til starfa sérfræðingar á sviði næringar, matreiðslu og reksturs mótuneyta til nýrrar mótuneytisþjónustu á skóla- og frístundasviði. Þá verður innleiddur þjónustustaðall mótuneyta fyrir öll eldhús leik- og grunnskóla, að því gefnu að hann auki gæði en verði þó hagkvæmur. Í greinargerð með tillögu borgarstjóra kemur fram að verkefni þjónustudeildar mótuneytis mála verði m.a. að stýra sameiginlegum innkaupum, sinna fræðslu, símenntun og ráðgjöf til stjórnenda og starfsfólks mótuneyta, veita ráðgjöf um gerð matseðla, tryggja gæði matar og sinna gæðaeftirliti. Starfshópur lagði til að stofnuð yrði mótuneytisþjónusta Reykjavíkurborgar sem hafi umsjón með mótuneytismálum á skóla- og frístundasviði, en eftir sem áður verði matur framreiddur á hinum ólíku starfsstöðum.

Fyrirmyndarakstur á Vesturgötu

Nær allir ökumenn voru til fyrirmyndar þegar lögreglan var við hraðamælingar á Vesturgötu í Reykjavík í síðustu viku. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Vesturgötu í vesturátt, við Frammesveg. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 18 ökutæki þessa akstursleið og var þeim öllum nema einu ekið á löglegum hraða, en þarna er 30 km hámarkshraði. Hinn brotlegi mældist 46 km hraða. Vöktun lögreglunnar á Vesturgötu er liður í umferðar- eftirliti hennar á höfuðborgarsvæðinu, en ábendingar höfðu borist um hraðakstur á þessum stað.

Hraðakstur á Hjarðarhaga í Reykjavík

Brot 14 ökumanna voru mynduð á Hjarðarhaga í Reykjavík fyrir nokkru. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Hjarðarhaga í austurátt, á milli Dunhaga og Tómasarhaga. Á einni klukkustund, fyrir hádegi, fóru 48 ökutæki þessa akstursleið og því ók hátt í þriðjungur ökumanna, eða 29%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 42 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 50.

Prettándahátíð

Prettándahátíð Vesturbæinga hefst 6. janúar kl. 18:00 við KR-heimilið með söng og síðan leiða ungmenni úr Hagaskóla skrudgöngu að brennu á Egissíðu.

Vesturbæingar

Við Vesturbæingar ættum að taka hugmyndir Grandaskóla um dag rauða nefnsins okkur til fyrirmyndar sem er að gleðjast og gleða aðra og hafa það að markmiði alla daga!

Taktu þátt í ET leiknum á endurvinnslutunnnan.is

Þú gætir unnið iPad mini

Góð jólagjöf!

Reykjavíkur apótek verður með fjölbreytt úrval af allskyns gjafavöru fyrir jólin.
Mikið úrval af bað- og ilmvöru auk ýmissa annarra góðra kosta.

1.180 kr.



1.133 kr.



6.489 kr.



5.489 kr.

1.841 kr.

12.754 kr.



7.948 kr.



6.990 kr.



4.150 kr.

6.990 kr.



6.990 kr.



5.990 kr.



21.461 kr.



9.520 kr.



Reykjavíkur  Apótek

„Innri rödd sagði mér að óttast ekki”

- segir Geir R. Tómasson tannlæknir um námsárin sín í Þýskalandi á stríðsárunum

Geir Reynir Tómasson, tannlæknir í Reykjavík, búsettur á Hávallagötunni, er fæddur 24. júní 1916 að Miðhúsum í Hvolhreppi. Móðir hans bjó í Reykjavík en á sumrin var hann mikið í Miðhúsum hjá uppeldisbróður mömmu hans, Þorleifi Nikulássyni og konu hans Kristínu Þorvaldsdóttur sem hann kallaði ætíð afa og ömmu. Foreldrar Geirs voru Thomas Thomasen, múrari og útvegsbóndi á Nesi í Norðfirði og Kristín Hansdóttir húsfreyja í Reykjavík. Eiginkona hans er María Elfriede Tómasson, húsfreyja og snyrtisérfræðingur en foreldrar hennar voru Ernst Bell, stórkaupmaður í Köln í Þýskalandi og María Regel. Geir og María eiga þrjá syni. Geir lauk námi í tannlækningum frá Universitöt zu Köln í Þýskalandi og síðar doktorsnámi sem fjallaði um berkla í munni.

Á Menntaskólaárunum komst Geir í sínavinnu sem mátti telja mikið lán því hér var á þeim tíma mikið atvinnuleysi. Þá vinnu fékk hann gegnum Guðrúnu Árnadóttur sem var lengi í herradeild Haraldar Árnasonar en hún var dóttir Árna Nikulássonar sem var fyrsti rakarinn í Reykjavík og var með rakarastofu í Kirkjustræti. Þarna var hann þrjú ár í sínavinnu með tveimur bekkjarfélögum sínum, Þorvaldi og Sigurði og þeir svafu saman í tjaldi.

„Ég vildi verða læknir en það voru erfiðir tímar og sjö ára nám en það var mjög erfitt fjárhagslega fyrir mig og móður mína. Ég ákvað því eftir stúdentspróf 1937 að fara í tannlæknanám, en þá var mikill skortur á tannlæknum á Íslandi. Nám var þá óheyrilega dýrt í Englandi svo ég ákvað að sigla til Þýskalands. Nazistar sem þá voru komnir til valda sköpuðu svokallað „Registermark” sem var tiltölulega ódýrt. Ég kom svo aftur heim í snögga ferð 1939 en í september brýst út seinni heimstyrjöldin. Við vorum hér heima þá fimm strákar sem voru við nám á ýmsum stöðum og þótti afar miður að þurfa að hætta því. Við fengum loforð frá Eysteini Jónssyni sem var fjármálaráðherra að við fengjum yfirfærslu á peningum til Þýskalands. Við fórum í septembermánuði með Gullfossi, það var erfið stund fyrir okkur þegar við sigldum héðan, framtíðin í skugga styrjaldar. Þeir sem fóru til Þýskalands auk mín voru Broddi Jóhannesson sagnfræðingur, Jóhannes Zoëga verkfræðingur og síðan hitaveitustjóri, Svavar Gestsson efnafræðingur og Stefán Bjarnason frá Húsavík sem fór í verkfræðinám.

Sígt var með suðurströnd Íslands og inn á Reyðarfjörð þar sem teknar

voru um borð nauts- og kindahúðir sem skyldi fara til Þýskalands. Frá Reyðarfirði var stefnt í norðaustur að Íshafinu og komið að landi nyrst í Noregi en þaðan var siglt til Kaupmannahafnar meðfram norska skerjagardinum. Með í farangri okkar var mikið af niðursuðudósum sem ekki var leyfilegt en ég brá á það ráð að setja harðfisk efst í töskuna. Þýski liðsforinginn sem skoðaði mína tösku við tollskoðun var fljótur að loka henni þegar harðfisklyktin gaus á móti honum. Ég hóf nám við tannlæknaháskólann í Jena sem er elsti háskóli Þýskalands. Þar var ég í tvö misseri en þá var háskólunum í Rínarlöndum lokað vegna hættu á loftárásum. Það var mikill sstéttarmunur í Þýskalandi og prófessorarnir aldrei ávarpaðir nema „Já, herra prófessor.” Mér mislíkaði einu sinni við hann vegna framkomu hans við einn kvenstúdentinn, og svaraði honum fullum hálsi. Því var hann aldeilis óvanur, en kallaði mig inn á skrifstofu sína en félagar mínur bjuggust við hinu versta. Þegar ég kom frá honum með vindil í munni, þeim fyrsta sem ég reykti á ævinni, datt algjörlega af þeim andlitið af undrun. Ég lauk námi í Köln 1941 og doktorsprófi 1943 sem var um berkla í munni.”

Innri rödd sagði mér að óttast ekki

„Ég var trúlofaður þýskri stúlkun, sem síðar varð konan mín. Einn daginn tekur hún á móti mér heldur dauf í dálkinn en hún hafði þá fengið bréf frá þýsku herstjórninni að koma til starfa. Við ákváðum þá að gifta okkur samstundis í fállegri kirkju skammt frá Köln en með því slapp hún undan þessari kvöð, enda orðinn Íslendingur. Tveimur dögum eftir að við giftum okkur hvarf kirkjan í sprengjuregni frá Bretum. Ég gerði mér raunar ekki fulla grein fyrir í hvaða hættu ég var í öllu þessu sprenguregni fyrr en löngu seinna. Einhver innri rödd sagði mér að ég þyrfti ekkert að óttast. Það var oft skelfilegt að heyra neyðar- og sárauকাópin frá fólki sem grófst í rústunum. Það reyndi á sálarlífið en ég hef alltaf haft sterka trú síðan ég var drengur og alltaf fundið að það hefur verið einhver með mér.”

- Reyndu nazistarnir aldrei að fá þig til herþjónustu?

„Ekki beint í herinn en á herspítala sem gat vel verið á austurvígstöðvunum austur í Rússlandi. Ég gat sannfært þá um að ég kæmi að betra gagni með því að gera við tennur í Þjóðverjum í Köln. Síðar fór um við heim til Íslands 1946 en tvö



Geir R. Tómasson tannlæknir.

ár þar á undan starfaði ég sem hér- aðstannlæknir í Svíþjóð. Lengst af var ég með tannlæknastofu á Þórs- götu 1 en ég var einn þeirra sem bygði Domus Medica og var þar með tannlæknastofu í 15 ár. Síðast var ég með tannlæknastofu á Sólvallagötu 41 og þar starfaði ég allt þar til ég varð áttæður. Síðastur í stólinn hjá mér var konan mín.”

Guðaveigar við stúdents- próf á vinnbannsárunum

Við útskrift nýstúdenta frá Menntaskólanum í Reykjavík sl. vor flutti Geir R. Tómasson ávarp stúdenta ársins 1937, þ.e. 75 ára stúdenta, en af þeim hópi eru enn- þá fimm á lífi. Geir lýsir því svo að árið 1937 hafi þetta verið lítill hópur fagnandi ungmenna, með blik vonarinnar í augunum, trú á Almættið og sjálfa sig, hlíðandi í andakt á útskriftarræðu hins ástæla rektors Pálma heitins Hannessonar á sal skólans að viðstöddum klökkum og stoltum foreldrum.

„Eftir hátíðarstundina var haldið fagnandi út í sólskinið og sem leið lá niður á Hressingarskálann í Austurstræti þar sem sest var að sumbli ef slíkt skyldi kalla, sungnir stúdentasöngvar og glaðst saman. Þetta var á vinnbannsárunum, ekkert löglegt áfengi að fá. Um kvöldið var haldið niður á Hótel Borg. Þar var okkur karlstúdentum fljótlega stefnt á snyrtinguna, þar sem vonum sem óvönun voru réttar guðaveigar – íslenskan landa! Svona björguðu menn sér í þá daga í trassi við lög og reglur, en slíkt hefur lengi loðað við okkur Íslendinga. En árin líða, menn eldast og vitkast, komnir út í hringiðu lífsins, misjafnlega vel búnir til að takast á við velgengi og erfiðleika, með seiglu landans í

fartekinu. Þótt Skaparinn gefi okkur vind í seglin, verður við þó sjálf að draga þau upp. Höfum í huga orðin – hvers vegna – hvers vegna við eigum að gera þetta og hitt og jafnframt hvers vegna ekki. Ef við leitum, knýjum á og biðjum um leiðsögn, fáum við svarið. Við getum ekki endurskapað okkur án þjáninga, því við erum bæði marmarinn og myndhöggvarinn og oft er það svo að greindur nærri getur en reyndur veit þó betur þegar á reynir. Mennt er máttur, til góðs eða ills, en þegar húmar að kvöldi lífs okkar, verður sprut um sólarlag, hvað við höfum unnið Drottins veröld til þarfa, þá er oftast fátt um svör.”

Minnistætt atvik í áheyrn norska konungsins

Geir segir margs að minnast og þakka þegar litið sé yfir starfsárin 55 hér heima og erlendis. Hann segir þó eitt atvik á hans tannlæknaferli sérlega minnstætt, það hverfi honum aldrei úr minni. Árið 1966 sótti hann ásamt konu sinni, Maríu Elfriede Tómasson, og mörgum íslenskum tannlæknum og mökum 100 ára afmæli Skandinavíska Tannlæknafélagsins sem haldið var í Osló. Farið var með Esjunni til Bergen og hreppi skipið aftakaveður svo flestir lágu fyrir í kojunum, sumir illa sjóveikir. Að kom í hlut Geirs að halda hátíðarræðu fyrir hönd íslenska hópsins. Þar voru mættir ýmsir framámenn úr norskri menntastætt með sjálfan Noregskonung, Ólaf Hákonarson í fararbroddi. „Ég var sá eini ræðumaður hinna Norðurlandanna sem flutti ræðu mína blaðalaust. Var þó með minnispunkta með mér ef minnið brigðist,” segir Geir.

„Rétt hjá ræðupúltinu sat konungur og aðrir mektarmenn að baki

honum. Ég flutti ávarp mitt, fyrst á dönsku og síðan á sænsku, þar sem ég vék m.a. að því hvort við norrænir tannlæknar ættum ekki að breyta um nafngift og kalla okkur munnlækna, þar sem munnholið væri okkar sérsvið. Nú var komið á því að skipta yfir á sænsku, þá skeði það sem ég óttaðist mest, að minnið mundi bregðast mér, sem og skeði!

Ég stóð þarna frammi fyrir hátigninni og fullum hátíðarsal, gáltómur, það var grafarþögn í þessum stóra hátíðarsal, það hefði mátt heyra saumnál detta. Ég mundi ekki hvað ég ætlaði að segja á sænsku, sem var mér raunar tamari en danska. Mér var sagt að ég hefði náfólnað og horft út í salinn og sá að allir biðu þess í ófvæni hvað koma mundi út úr þessari kúnstþásu. Mér varð litið í augu konungs og gleymi aldrei uppörvandi og hlýlegu augnaráði hans og brosi til mín, hann sá að ég var í vanda. Þá var sem stíflan brýsti, ég fékk málið á ný og flutti á sænsku blaðlaust lok ræðu minnar við góðar undirtekir. Það undarlega var að mig var búið að dreyma fyrir þessu, en að allt færi þó vel.”

Í safnaðarstjórn Dómkirkjunnar

Geir hefur setið í safnaðarstjórn Dómkirkjunnar í mörg ár og segir í gamni að hann fái ekki að hætta þar, aðrir safnaðarfulltrúar vilji að hann sitji þar áfram, kannski eins og eins konar safngripur!

- Í upphafi aðventu fyrir tveimur árum fluttir þú hugvekjum. Um hvað ræddir þú helst í þessari hugvekjum?

„Ég er ekki Biblíulærður maður en á þó að heita kristinn þó mér finnist mikið vanta á að bera slíkt heiti. En í ófullkomleika mínum trúi ég, og trú er ávallt byggð á röklausri lífsreynslu þeirra sem trúa. Frá barnæsku var ég trúður, þökk sé móður minni og uppeldissystur hennar sem var mér sem fóstur. Hjá báðum naut ég elsku og fræðslu, það var mér gott vegnaðist síðar þegar gaf á bátinn í stormviðrum lífsins. Á langri ævi hefi ég upplifað margt og lært að flas er ekki til fagnaðar og að betra sé að fara fetið en þeysast áfram eins og þegar maður var ungur og langaði að njóta tilverunnar í anda æskunnar.

Aðventan og jólahátíðin er blessunarríkur tími til að nálgast kærleikann – Guð og reyna að lífa í samræmi við vilja Hans. Fyrrverandi biskup, Sigurbjörn Einarsson, á að hafa sagt, þakka það sem var, en trega ekki; þakka það sem er, en kvíða ekki, sjálfur vildi ég gjarnan bæta við, þakka það sem verður en æðrast eigi, en reyna eftir bestu getu, með Guðs hjálp, að vinna úr því óvænta, í krafti trúarinnar. Meira er ekki hægt af neinum að krefjast.”



Krua Thai

...Ævintýraferð fyrir bragðlaukana

Tryggvagata og Bæjarlind

S: 552 2525

www.kruathai.is

Vá!

2 ltr gos fylgir öllum sóttum tilboðum í desember.



KRÓNAN



Tilboð gilda aðeins á Granda

GRANDADAGAR

13. - 16. desember

- aðeins á Granda meðan birgðir endast!



DÚNDUR-
VERÐ



29 kr. stk.

Krónu appelsín, 33 cl dós



Verð áður 1998 kr. kg
Esju Sænsk jólasinkka



Verð áður 1998 kr. kg
Esju Bayonneskinka



Verð áður 1998 kr. pk.
Anton Berg konfekt, 400 g

Veisla með
Stefáni Mána!
6690 kr. saman

Húsið og Svartur á leik DVD



Húsið 4195 kr. stk.
DVD 2495 kr. stk.

KRÓNAN Granda



OPID
10-20 ALLA
DAGA!

JÓLAGJÖFIN FÆST Í BRYNJU



Verð:
4.745 kr.



VICTORINOX



Laugavegi 29
sími 552 4320
www.brynja.is

Hátíðlegur jólafundur á Vesturgötu 7

Árlegur jólafundur félagsmiðstöðvarinnar að Vesturgötu 7 fór fram sl. föstudag kl. 13.00. Almenn ánægja var meðal eldri borgara að hafa jólafundinn á þessum tíma, en síðustu ár hefur hann verið kl. 17.00.

Girnilegt jólahlaðborð kom frá Vitatorgi, Gróa Hreinsdóttir sat við flygilinn og spilaði jóla-lög, Óperudúettinn kom fram en hann skipa þeir Stefán H. Stefánsson og Daði Ólafsson, Pétur Þorsteinsson prestur Óháða safnaðarins flutti gamanmál og síðan lék hljómsveit Marínós Björnssonar fyrir dansi.

Rauðklæddur herramaður og í jólastemmningu var meðal margra gesta á jólafundinum.



Girnilegt jólahlaðborð var töfrað fram af Vitatorgi.



Óperudúettinn ásamt Gróa Hreinsdóttur sem spilaði á flygil hússins.

LÁTUM FRÍÐARLJÓSIÐ LÝSA UPP ADVENTUNA



Með því að kaupa FRÍÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.



Hjálparstarf
kirkjunnar

Vesturbæjarskóli eignast nýtt merki


Nýlega eignaðist Vesturbæjarskóli nýtt merki en það er unnið af Helgu Gerði Magnúsdóttur grafískum hönnuði og fyrirverandi nemanda skólans. Merkið sýnir fjóra fugla í mismunandi litum sem tákn um margbreytileikann í skólafarfinu.

Fuglarnir geta táknað nemendur sem við viljum að nái flugi í námi leik og starfi. Það má líka sjá V- laga form í merkinu sem er vísun í V-in þrjú í gildum skólans sem eru „Virðing - Velliðan - Velgengni“ og svo V-fyrir nafn skólans. Það vill líka svo skemmtilega til að Magnús Tómasson sem er listamaðurinn á bakvið listaverkin á skólalóðinni er pabbi Helgu Gerðar sem nú hefur hannað fyrir Vesturbæjarskóla nýtt merki.




Merkið á blaktandi fána framan við aðalinngang skólans.


FIMM FRÁBÆRAR!



Hér segir Villi á Brekku gamansögur af sér og samferðarmönnum sínum og fer á kostum eins og hans er von og vísa.



Björn Jóhannsson kafar í sagnasjóð Skagfirðinga og útkoman er á þriðja hundrað gamansögur sem fá alla til að hlægja.



Skvísubók - sem er líka fyrir karla. Ómissandi bók fyrir allt skóahugafólk eftir skóddrottninguna Hönnu Guðnýju Ottósdóttur.



Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Dauðinn í Dumbshafi. Sjá úr bókinni á: <http://issuu.com/magnusthor/docs/navigi-issuu>



Pétríska orðabókin er ekki bara stórskemmtileg heldur auðgar hún íslenskt mál svo um munar.

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR

Iceland

NÝ VERSLUN
Á GRANDA

Jólatilboðin eru í Iceland

Verið hjartanlega velkomin í nýju búðina á Fiskislóð



Opið frá 11 - 20 alla daga

**Við höfum fengið til liðs
við okkur KR-inginn
Eirík Inga og höfum
herraklippinguna á 3.500 kr.**



Hagaskólanemendur styrktu Bleiku slaufuna

Nemendur Hagaskóla afhentu í síðustu viku Krabbameinsfélagi Íslands 100.000 krónur til að styrkja krabbameinsrannsóknir.

Þeir efndu til „bleiks balls“ þann 14. nóvember sl. til að styrkja Bleiku slaufuna og vildu með því framtaki leggja sitt af mörkum til baráttunnar gegn krabbameini. Katrín Stella Friðriksdóttir, formaður nemendaráðs Hagaskóla, afhenti Ragnheiði Haraldsdóttur frá Krabbameinsfélaginu söfnunarféð við hátíðlega athöfn á sal Hagaskóla. Ragnheiður þakkaði nemendum vel fyrir gjöfina, sagði framtak unglinganna lýsa falgri hugsun og víðsýni sem aðrir mættu taka sér til fyrirmyndar.



Framlag nemenda til Krabbameinsfélagsins afhent á sal Hagaskóla að viðstöddum nemendum, kennurum og starfsfólki.

Melastelpan – Geimveran Adaví

Árið 2010 kom út bókin Melastelpan eftir Normu E. Samúelsdóttur. Nú er komin út önnur Melastelpusaga með undirtitlinum „Geimveran Adaví.“

Hér er á ferðinni skemmtileg frásögn stelpu

sem ólst upp á Melunum, og er örugglega skemmtileg lesning, ekki síst þeirra sem þekkja til persóna eða staðhátta. Melabær hét fyrsti bærinn vestur á Melum – við gamla kirkjugarðinn, Suðurgötumegin.

**Lúxus dúnsængur úr
100% hvítum gæsadún og
silkinjúku bómullarsatíni.**



**Skólavörðustíg 21a
Sími 551 4050**



Betra start fyrir þig og þína

TUDOR er hannaður til þess að þola það álag sem kaldar nætur skapa. Forðastu óvæntar upptökur.

TUDOR betra start!

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 110 RVIK 5771515 skorri.is

opið virka daga frá 8:15 - 17:30



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Hringar 7.500 kr.
Safnbúðin



Flöskutappar 4.990 kr.
Safnbúðin



Jón í lit 6.250 kr.
Fæst í mörgum litum
Almar Alfreðsson



Sælusápur
margar gerðir 750 kr.

Sérpakkað súkkulaði 595 kr.
Safnbúðin



Bollar 2 saman 5.800 kr.
Diskar 2 saman 4.250 kr.
Sveinbjörg Hallgrímsdóttir



Kertastjaki 3.600 kr.
Vetrarljós: 1.450 kr.
Bility



Minnisbók fyrir skipulagningu,
skissur og skáldskap 3.250 kr.
Safnbúðin

**FALLEGAR GJAFIR
Á GÓÐU VERÐI**

SAFNBÚÐ ÞJÓÐMINJASAFNSINS



ÞORLÁKSMESSUSKATA

Bjóðum upp á skötu alla daga frá hádegi til kvölds fram að jólum, kr. 1.950.- fyrir manninn.

Pantið tímanlega fyrir þorláksmessuna því færri komast að en vilja. Pöntunarsími 553 1500.

REYKTUR ÍSLENSKUR ÁLL
heill eða flakaður
á staðnum
Reyktur íslenskur áll
er lostæti og ómissandi
á jólaborðið.

Munið heimasíðuna
www.saegreifinn.is

Sægreifinn

Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500



Endurvinnslutunнан Raunhæfur valkostur fyrir Reykvíkinga

Fyrir 7 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÖ** flokkar af efnum, allt laust í tunnunna nema rafhlöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunнан biður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útflutnings. **Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!**

Reykvíkingar, kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:

Þið eigið val um að panta **Endurvinnslutunnuna** frá Gámaþjónustunni en í hana má setja **SJÖ flokka** af endurvinnsluefnum.

Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér sporin.

Ekkert skrefagjald!

ET+

Þarft þú að losna við raftæki?
Við sækjum stærri raftæki til viðskipta-
vina Endurvinnslutunnunnar þeim að
kostnaðarlausu.



Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á endurvinnslutunнан.is



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ



Dagskrá aðventu, jóla og áramóta í Háteigskirkju

Sunnudagur 16. des. 3. sd. í aðv.

Aðventusöngvar við kertaljós kl. 20.
Biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir flytur hugvekju.
Kirkjukór Háteigskirkju syngur notalega aðventutónlist. Organisti Kári Allansson.

Miðvikudagur 19. des. kl. 20.

Jólatónleikar Kammerkórs Háteigskirkju.
Kórinn flytur upphálds jólaög okkar allra!
Organisti og kórstjóri er Kári Allansson.

Aðfangadagur 24. des.

Aftansöngur kl. 18
Prestur sr. Tómas Sveinsson.
Organisti Kári Allansson.
Kammerkór Háteigskirkju syngur.
Himneskur kórsöngur frá kl. 17:40.

Miðnæturmessa kl. 23:30.

Prestur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir.
Organisti Kári Allansson.
Kirkjukór Háteigskirkju syngur innileg jólaorverk.

Jóladagur 25. des.

Hátíðarmessa kl. 14.
Prestur sr. Tómas Sveinsson.
Organisti Kári Allansson.
Félagar úr Kammerkór Háteigskirkju syngja.

2. jóladagur 26. des.

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.
Prestur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir.
Organisti Kári Allansson.
Samveran er tileinkuð allri fjölskyldunni – ungum sem eldri!

Gamlársdagur 31. des.

Aftansöngur kl. 18.
Prestur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir.
Organisti Kári Allansson.
Félagar úr Kammerkór Háteigskirkju flytja meðal annars Hátíðarsöngva sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Nýársdagur 1. jan. 2013.

Hátíðarmessa kl. 14.
Prestur sr. Tómas Sveinsson.
Organisti Kári Allansson.
Kirkjukór Háteigskirkju flytur meðal annars Hátíðarsöngva sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Sunnudagur 6. jan. þrettándi.

Messa og barnaguðsþjónusta kl. 11.
Prestur sr. Tómas Sveinsson.
Organisti Kári Allansson.

Nánari upplýsingar um starfsemi kirkjunnar er á www.hateigskirkja.is

Drafnarborgarbörnin sýndu gripum á Þjóðminjasafninu mikinn áhuga

Börn af leikskólanum Drafnarborg í Vesturbænum hafa verið að heimsækja Þjóðminjasafnið og fræðast um það sem þar er til sýnis. Þrátt fyrir ungan aldur sýna þau því sem fyrir augu ber mikinn áhuga, enda er leiðsögn starfsmanna safnsins til mikillar fyrirmyndar og höfðar vel til yngstu borgaranna.

Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun í eigu íslenska ríkisins. Því er ætlað að vera miðstöð þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar frá upphafi til vorra daga og stuðla að því að sem flestir geti haft gagn og gaman af sögu og minjum lands og þjóðar. Meginhluti safnhússins hýsir grunnsýningu Þjóðminjasafnsins: Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár.



Á ferð um Sali Þjóðminjasafnsins, hlustað á útskýringar og fornir gripir skoðaðir.

Dagur rauða nefnsins í Grandaskóla

Dagur rauða nefnsins var haldinn í Grandaskóla í fimmta sinn föstudaginn 7. desember sl. Hugmyndin að baki Degi rauða nefnsins er að gleðjast og gleðja aðra.

Allir sem gátu komið rauðklæddir þennan dag, sumir jafnvel með jólasveinahúfu eða í jólasveinabúning. Kennarar létu ekki sitt eftir liggja. Hljómsveitin Eldpipar, sem eru „gamli“ nemendur Grandaskóla, komu og spiluðu í íþróttasalnum þar sem nemendur voru saman komnir.

Hljómsveitin Eldpipar, „gamli“ nemendur Grandaskóla, sem nú eru í 8. bekk Hagaskóla, spiluðu fyrir nemendur og kennara, og hlutu verðskuldað lof fyrir.



ÞJÓNUSTA Í HEIMABYGGÐ

BÍLANES ER MEÐ ALMENNA VIÐGERÐAÞJÓNUSTU FYRIR BIFREIÐAEIGENDUR

10% afsláttur af smurningu

Verð fyrir fólksbíl kr. 3.800

Verð fyrir jeppa kr. 4.722

Verð eru fyrir utan efniskostnað

Bílanes, Bygggöörðum 8. Seltjarnarnesi
S:561 1190. www.bilanes.is
bilanes@internet.is



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 - 18:30



©DISNEY *Á meðan birgðir endast

GLÆSILEG GJÖF FYLGIR FRAMTÍÐARREIKNINGI

Við stofnun eða innlögn á Framtíðarreikning barns að upphæð 5.000 kr. eða meira fylgir Stóra Disney heimilisréttabókin með*.

Tilvalin jólagjöf sem vex með barninu. Komdu við í næsta útibúi Arion banka.

Framtíðarreikningur — gjöf til framtíðar

Disney KLÚBBURINN
WWW.DISNEYKLUBBURINN.IS

 Arion banki



Upplifðu jólin...

... með okkur á Skrúður

Frá og með 17. nóv. býður Skrúður á Hótel Sögu upp á girnileg jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin fram að jólum, alla daga vikunnar. Afslappað andrúmsloft, góð þjónusta og dýrindis matur draga að vinnufélaga, vinahópa og saumaklúbba á virkum dögum og kvöldum.

Um helgar sækja fjölskyldur staðinn og eiga þægilega stund saman. Skemmtilegt leikhorn er fyrir börnin.

Upplifðu notalega jólastemningu – upplifðu jólin á Skrúð.

Skrúður Radisson BLU Hótel Saga / Sími 525 9900 / www.skrudur.is

*Gjöf til jóla
frá Gullsmiðju Óla*



Gullsmiðja Óla

Veltusundi 1 • Sími 564 3248
www.gull.is

Vesturbærinn fær sín eigin jólaljós

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi og formaður Hverfisráðs Vesturbæjar, segist mjög ánægður með að Vesturbærinn skuli fá sín eigin jólaljós til að lýsa upp skammdegðið.

„Þetta eru ekki miklar skreytingar enn sem komið er, en þó fáum við jólatré á Hagatorg, falleg snjókörn á ljósastautu á Hofsvallagötu og svo höfum við beðið um seríur í tré á Landakotstúni. Smám saman bætist svo vonandi í jólaskrautið sem Vesturbæingar geta kallað sitt. Fyrir eru auðvitað fallegar skreytingar sem við höfum haft um árabíl, svo sem jóla-trén á Melabúðinni og skreytingarnar við Hagaskóla sem Hverfisráð Vesturbæjar gaf á sínum tíma. Það er gaman að það bætist smám saman í þetta.

Skreytingarnar núna eru tilkomnar vegna íbúakosningarinnar á dögnum, þar sem peningur var settur til hliðar til að



Fallegar jólaskreytingar á Hofsvallagötunni lifga upp á umhverfið.

fjárfesta í jólaskrauti. Hverfisráðið passaði vel upp á að peningurinn færi ekki í einhverja hit, heldur að Vesturbæing-

ar myndu sjá jólaskraut á nýjum stöðum, sem gera hverfið okkar enn jólalegra en áður,” segir Gísli Marteinn.

Jólaakveðja frá Vesturgarði

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar óskar Vesturbæingum sem og öðrum gleðilegra jóla árs og friðar og þakkar kærlega fyrir gott samstarf á liðnum árum.




Frosin **LAUFABRAUÐ**
Njótum aðventunnar saman

www.ommubakstur.is



DÚN & FIÐUR
Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár

Dún & Fiður ehf
Laugavegur 86
101 Reykjavík
Sími 511 2004
http://dunogfidur.is



**FLUGELDASALA
BJÖRGUNARSVEITANNA**

28. des. kl. 10-22
29. des. kl. 10-22
30. des. kl. 10-22
31. des. kl. 8-16

Munið þrettánda-söluna!

BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES

Gróubúð Grandagarði
Gaujabúð við Bakkavör
Við Vesturbæjarlaugina
Við Engjateig 11 (með Kiwanis-klúbbum Esju)
Við Heklu Laugavegi
Við Holtagarða
Við BT í Skeifunni

Við bjóðum Reykvíkingum afnot af Grænu tunnunni frítt í tvo mánuði



990 kr. á
mánuði

Græna tunnan er fyrir
endurvinnanlegt hráefni
eins og dagblöð og
tímarit, mjólkurfernur,
sléttan pappa,
bylgjupappa, málma,
plast og jólapappír

**Starfsfólk Íslenska
Gámafélagsins óskar
Reykvíkingum
grænna og gæfuríkra jóla**



**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**

www.gamur.is gamur@gamur.is

577-5757

VILTU SELJA? FRÍTT VERÐMAT

- Frítt verðmat án skilyrða um sölu
- Þú greiðir ekkert ef eignin selst ekki
- Hafðu samband - við höfum tíma fyrir þig



Guðbjörg Gylfadóttir
löggiltur fasteignasali



Ísak V. Jóhannsson
sölustjóri

HAFIÐ SAMBAND Í GSM 822 5588 EÐA ISAK@TINGHOLT.IS

FASTEIGNASALA Í
35 ÁR



Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • www.tingholt.is • sími 512 3600

Krakkarnir á Hagaborg fræddust um jólaguðspjallið í Neskirkju

Krakkarnir á leikskólanum Hagaborg fóru fyrir skömmu síðan í Neskirkju þar sem sr. Sigurvin Jónsson æskulýðsprestur tók á móti þeim ásamt fleira starfsfólki kirkjunnar. Krakkarnir voru fræddir

um ýmsa muni í kirkjunni og hlutverk þeirra, hvað aðventan væri og fleira sem er fólki hugleikið um þessar mundir. Ekki var annað að sjá en krakkarnir nytu vel þessarar ferðar í kirkjuna.



Kveikt á aðventukertinu, af lítilli stúlku með dyggri aðstoð starfsliðs.

ÓGNVEKJANDI!



**Augu Líru eftir
Eva Joly og
Judith Perrignon.
Æsispennandi
skáldsaga úr
undirheimum
fjármálalífsins,
þar sem Eva Joly
þekkir hvern krók
og kima.**

SKRUDDA
www.skrudda.is



20% afsláttur
fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Aðventu- og hátíðarmessur í Dómkirkjunni



Dómkirkjan óskar sóknarbörnum og öðrum Reykvíkingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samstarfið á árinu sem er að líða. Minnum á helgihald og tónleika í desember og bjóðum alla hjartanlega velkomna.

Sunnudagur 16. des.

Kl. 11 norsk messa sr. Hjálmar Jónsson.
Kl. 16 dagskrá í umsjá Sveins Einarssonar leikhússtjóra. Leikhúpurinn Bandamenn flytur „Lilju“ Eysteins Ásgrímssonar.
Kl. 20. Æðruleysismessa

Þriðjudagur 18. des.

Kl. 20, tónleikar, Anna Sigríður Helgadóttir, undirleikari Aðalheiður Þorsteinsdóttir, (enginn aðgangseyrir).

Miðvikudagur 19. des.

Kl. 22, jólatónleikar Dómkórsins, Kári Þormar stjórnar (enginn aðgangseyrir).

Sunnudagur 23. des. Þorláksmessa
Kl. 11 messa, sr. Sveinn Valgeirsson.

Aðfangadagur jóla

Kl. 15 dönsk jólamessa, sr. María Ágústsdóttir.
Kl. 18 Aftansöngur, sr. Hjálmar Jónsson og sr. Sveinn Valgeirsson.
Kl. 23.30 messa, sr. Karl Sigurbjörnsson og Hamrahlíðarkórinn, stj. Þorgerður Ingólfsdóttir.

Jóladagur

Kl. 11 hátíðarmessa, biskup Íslands sr. Agnes M. Sigurðardóttir prédikar sr. Hjálmar Jónsson þjónar fyrir altari.

Annar í jólum

Kl. 11 messa, sr. Sveinn Valgeirsson.

Gamlársdagur 31. des.

Kl. 18, aftansöngur, sr. Hjálmar Jónsson og sr. Sveinn Valgeirsson.

B. Markan ehf. Pípulagnir
660 6690 • 544 8611



lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár
Meistaraábyrgð og 50 ára ending
www.bmarkan.is

„Ætla að bjóða lægsta vöruverðið í Iceland-verslununum“

- segir Jóhannes Jónsson

„Ég hætti í Bónus fyrir tveimur árum síðan og var í hafti í framhaldi af því vegna þess að ég samdi við þá sem yfirtóku fyrirtækið að koma ekki nálægt matvöruverslunarrekstri um tíma, en eftir þann tíma fór ég að hugsa mér til hreyfings,” segir Jóhannes Jónsson, oft kenndur við Bónus en hefur nú opnað nýja Iceland-verslun á Granda. Í haust opnaði hann verslun á Engihjalla í Kópavogi. „Ég er mjög ánægður með að vera kominn aftur í Vesturbæinn en ég var með Bónus-verslun á Seltjarnarnesi en var hrakinn þaðan og opnaði þá Bónus verslun hér á Granda.“

- Verslunin er hér á milli tveggja stórra samkeppnisaðila á matvöru-markaðnum, Bónus og Krónunnar. Öttastu það ekkert?

„Nei, nei. Ef ég geri hlutina vel sem ég ætla að gera þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því. Ef hlutirnir eru gerðir vel er alltaf pláss. Þetta er gott fyrir alla aðila því ef valkostirnir eru fleiri á einum punkti þá er það af hinu góða fyrir alla. Það er tilboðsverð á ýmsum vörum hér við opnunina og svo geta viðskiptavinir Iceland fundið hér jólavörur sem hvergi finnast annars staðar hérlandis. Markaðssvæði þessarar verslunar er fyrst og fremst Vesturbæinn og Seltjarnarnesið og Miðbæinn en á því svæði



Jóhannes Jónsson, stoltur eigandi á opunardegnum með eiginkonuna, Guðrúnu sér við hlið.

býr allt að 25 þúsund manns.“

Verslunin á Granda er stærri en sú í Kópavogi, en reyndar stendur til stækkun á þeirri verslun. Jóhannes segir ekkert vandamál hafi verið að ráða starfsfólk, margir kvarti því því atvinnuleysisbætur eru svo háar margir vilji frekar vera heima og vinna kannski einhverja svarta vinnu með. Jóhannes segir að á því þurfi stjórnvöld að taka strax.

„Ég ætla að bjóða lægsta vöruverðið eins og ég hafi gert síðustu 20 árin. Ég hef verið í góðu sambandi við Malcolm Walker eiganda

Iceland og hann spurði mig af hverju ég opnaði ekki bara verslun á Íslandi undir Iceland-nafninu og hann mundi útvega honum vörur frá fyrirtækinu. Þetta eru aðallega frystivörur rá Iceland keðjunni svo sem forsnar máltíðir og meðlæti. Þá verður einnig opnuð netverslun þar sem hægt verður að kaupa þyngri og umfangsmeiri vörur. Í framhaldinu birtast ýmsar aðrar vörur sem ekki fást annars staðar hérlandis. Þetta eru vörur í skemmtilegum umbúðum, fljótlegt að hita þær t.d. í örbylgjuofni fyrir þá sem eru einir eða hafa ekki

mikinn tíma til eldamennsku.

Mér fannst hugmyndin að nafninu góð auk þess sem mér stóð þá til boða að fá þessar vörur en ég ætlaði mér alltaf af stað aftur eftir

að ég var búinn að endurheima heilsuna, en ég læknaðist af því meini sem hreppti mig um tíma. Mér líður vel nú hvern einasta dag,” segir Jóhannes Jónsson.

SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT **ÁN** AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic
color systems

- GEFUR FRABÆRÁN GLANS
- ÞEKUR GRÁTT HÁR 100%
- ENDAST MJÖG LENGI
- SKAÐAR EKKI HÁRIÐ
- VEGAN VIÐURKENNT (PETA VOTTAD)
- LIFRÆNT VOTTAD INNIHALDSEFNI* (SOIL ASSOCIATION)
- EKKI PRÓFAÐ Á DÝRUM (PETA VOTTAD)

*(SUMAR EFNI)



SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

TALJÓL 2012

GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLT KOMANDI TAL

ÞAÐ ER GOTT AÐ VITA AF ÞVÍ AÐ MEÐ HVERJUM SNJALLSÍMA SEM KEYPTUR ER HJÁ TALI FYLGIR 10 GB NOTKUN Á MÁNUÐI Í HEILT ÁR.*

KÍKTU Í NÆSTU VERSLUN TALS OG NÝTTU ÞÉR HUGHEILT JÓLAVERÐ

SVONA Á SAMBAND AÐ VERA

VERSLANIR | KRINGLAN | SMÁRALIND | GLERÁRTORG | WWW.TAL.IS

*Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 320 kr./mán. greiðslugjald.
10 GB á mánuði í heilt ár fylgir með GSM sínum í áskrift eða frelsi hjá Tali.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.

Tal

IPHONE 4 8 GB
4.690 KR. Á MÁN.
VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,
120 GB Á ÁRI
STAÐGREIÐSLUVERÐ 74.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors

IPHONE 5 16 GB
9.790 KR. Á MÁN.
VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,
120 GB Á ÁRI
STAÐGREIÐSLUVERÐ 159.990 KR.

* m.v. kortalán Valitors

IPHONE 4S 16 GB
6.890 KR. Á MÁN.
VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,
120 GB Á ÁRI
STAÐGREIÐSLUVERÐ 110.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors



10GB



Verslun – söluturn – video
Melabraut 19 - Seltjarnarnesi
S: 561-1230

*Um leið og Nesval óskar ykkur
gleðilegra jóla og farsældar á
komandi ári*

**Þá minnum við ykkur á
opnunartíma okkar yfir hátíðarnar**

Jólasveinar

Litid við í
Nesval



Opnunartími um
jóláhátíðarnar

24. des 11-17,00
25. des 13-21,00
26. des 11-23,30
27. des 11-23,30
28. des 11-23,30
29. des 11-23,30
30. des 11-23,30
31. des 11-17,00
01. jan 13-23,30



*Við tökum ávallt vel á móti ykkur í
betri verslun*

Alltaf góð tilboð í gangi

Opin frá kl. 11-23.30

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Betri búð

Betra verð

Skrekkur 2012:

Siguratriði Austurbæjarskóla fjallaði um grimmd

Austurbæjarskóli sigraði í SKREKK, en úrslitin fóru fram fyrir skemmstu í Borgarleikhúsinu. Jón Gnarr borgarstjóri afhenti Austurbæjarskóla Skrekksstyttuna í lok spennandi úrslitakvölds. Átta skólar, Ölduselsskóli, Háteigsskóli, Ingunnarskóli, Kelduskóli, Fella-skóli, Hlíðaskóli, Austurbæjarskóli og Breiðholtsskóli voru mættir til þess að keppa um Skrekkinn, dyggilegar studdir nemendum úr sínum skólum.

Í öðru sæti var Ingunnarskóli með atriðið Okkur er ekki sama og Hlíðarskóli í því þriðja með atriðið Stína og strákarinnir. Atriði Austurbæjarskóla Criteria fjallaði um þá grimmd sem að víða leynist gagnavart þeim sem reyna að brjóta sig út úr norminu. Þau túlk-uðu einstaklinga sem að finna fyrir pressu að tilheyra ákveðnum hópi. Þetta gerðu þau með því að búa til vél sem að hreyfðist í takt og hver einstaklingur var aðeins



Criteria Austurbæjarskóla.

viljalaust tannhjól, hins vegar fer allt úr skorðum þegar ein veran fær sjálfstæða hugsun.

Austurbæjarskóli fær ham-ingjuóskir, þeirra atriði var vel að sigrinum komið.



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK HELGIHALD OG TÓNLEIKAR

13. des. fim. kl. 20:30

Tónleikar, Esther Jökulsdóttir
syngur lög Mahaliu Jackson.
Gestasöngvari, Bjarni Arason.

16. des. sun. kl. 14:00

Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar.
Hefst með jólastund í kirkjunni.
Barn borið til skínar. Síðan haldið upp
í Safnaðarheimili og sungið og dansað
í kringum jólatréð með jólasveininum.
Kaffi og meðlæti fyrir alla.

16. des. sun. kl. 17:00

Heilunarguðspjónusta á vegum
Sálarannsóknarfélags Íslands,
Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.
Friðbjörg Óskarsdóttir leiðir hugleiðslu
og heilun, ásamt sr. Hirti Magna.
Gunnar Gunnarsson, organisti og
Sigurður Flosason, saxafónleikari
sjá um tónlistina.

16. des. sun. kl. 20:00

Tónleikar, Svavar Knútur, Hilmar Örn
Agnarsson, Karitur Íslands öfl.

20. des. fim. kl. 20:00

Jólatónleikar, Kristjana Arngrímsdóttir
ásamt Gunnari Gunnarssyni, píanó, og
Jóni Rafnssyni, kontrabassa.

21. des. fös. kl. 20:00

Tónleikar, Anna María Björnsdóttir.

22. des. lau. kl. 20:00

Tónleikar, Sturla Kaspersen.

23. des. sun. kl. 21:00

Jólatónleikar, Árstiðir.

24. des. mán. kl. 18:00

Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.
Anna Sigríður Helgadóttir
syngur einsöng.

Sönghópur Fríkirkjunnar syngur jólin inn
undir stjórn Gunnars Gunnarssonar.
Sr. Hjörtur Magni predikar.

24. des. mán. kl. 23:30

Miðnætursamvera á jólanótt.
Páll Óskar og Monika Abendroth
ásamt strengjasveit. Sr. Hjörtur Magni
Jóhannsson talar til viðstaddra.
Sönghópur Fríkirkjunnar syngur við
undirleik Gunnars Gunnarssonar,
organista. Mætið vel tímanlega
til að fá góð sæti!

25. des. þri. kl. 14:00

Hátíðarguðspjónusta á jóladag.
Ljósanna hátíð fagnað með risandi sól.
Egill Ólafsson söngvari syngur og
spjallar um tónlistarval sitt. Sr. Hjörtur
Magni þjónar fyrir altari. Sönghópur
Fríkirkjunnar syngur undir stjórn
Gunnars Gunnarssonar.

30. des. sun. kl. 14:00

Fermingar- og skírnarguðspjónusta.

31. des. mán. kl. 14:00

Hátíðarguðspjónusta á dvalar og
hjúkrunarheimilinu Grund.

31. des. mán. kl. 18:00

Aftansöngur á gamlárskvöldi.

Tilboðsverð á
gjafapakkingum

purelogical®

Collagen til inntöku

- » Hrukkur og línur sléttast út um 43%*
- » Húðin á andliti og öllum líkama verður mýkri og þéttari um 35%*
- » Aukin fylling í vörum
- » Sterkari hár og neglur
- » Frábært fyrir liðina, aukin liðugleiki og betri liðan
- » Árangur sést og finnst eftir 3 vikur



Valið „favorite age-defying“
af tímaritinu MS London

*Húðgreining eftir 6 vikun inntöku á 2.4g af
Pure Logical collagen í blindprófi samanburði.



Gefðu orku og góða heilsu í jólagjöf,
Úrval af lífrænum bætiefnum: - þökkum í gjafapakkingar.

 **græn heilsa**
Ægisíða 121 | Sími 551 1717

Vonarstjarna

Eitt sinn var uppi biskup nokkur er Ross nefndist. Var hann einn þeirra fremur fáu sem nutu hylli Friðriks Wilhelms fjórða Prússakonungs. Það er alkunna að kóngar, sérstaklega kóngar eins og þeir prússnesku, hafa gaman af að hengja á menn skrautmuni eins og orður, og alveg tilvalið að gera slíka viðburði að sérstökum hátíðisdögum. Eitt sinn á orðudegi hafði konungur orð á því við biskupinn, að sjálfsagt ættu andlegrar stéttar menn erfitt að velja viðeigandi ritningartexta við ýmis tækifæri, t.d. eins og í þetta sinn. „Þetta er alls ekki erfitt“ svaraði biskup. „Ég myndi t.d. í dag velja orðin í Matteusarguðspjalli 2:10.“

„Nú, hvernig hljóða þau?“ spurði kóngur. „En er þeir sáu stjörnuna glöddust þeir harla mjög.“

Það getur verið athyglisvert að bera saman þessa tvo hópa, vitringana þrjá, og orðubegana. Ég held að Ross biskup hafi ekkert vanmetið þá sem bjuggust við upphafinn; vafalaust hafa þeir verið innilega glaðir og upp með sér yfir þeim sóma sem Friðrik Vilhjálmur fjórði sýndi þeim. Og ekki þurfum við að ætla þeim það að þeir hafi ekki unnið fyrir orðunni. Það er þó allt vegna hins liðna, vegna þess sem þegar er gert. Nokkurs konar klapp á bakið, þakka þér fyrir og vertu sæll.

Á hinn bóginn sjáum við fyrir okkur þrjá menn á ferðalagi; gjarnan eru þeir settir á úlfalda en fyrst og fremst er það stjarna sem skín fyrir þeim sem fangar athyglina. Stjarnan sem leiðir þá áfram og þeir urðu harla glaðir



Sr. Sveinn Valgeirsson.

að sjá. Þessi stjarna er ekki risin til þess að varpa ljóma á fyrri sigra, minna menn á það sem liðið er og hlaða undir forna frægð. Nei, þessi stjarna bendir fram á

við, er til merkis um upphaf nýrra tíma; hún er vonarstjarna. Þessi stjarna, sem vitringarnir fylgja, er til merkis um að mannkyn allt eigi náðartíma í vændum þar sem allir hlutir verða settir í nýtt samhengi, ný vídd í tilverunni opnast.

Og þeir glöddust þegar þeir sáu stjörnuna.

Hvernig má líka annað vera? „Sjá ég hef nýtt í hyggju“, segir Drottinn. Hið fyrra skiptir ekki sama máli og okkur fannst það gera, því Guð hefir gefið okkur son sinn. Með honum er ný öld upp runninn, það verða skil í sögunni.

Aðventa og jól minna okkur á vonina, sem aldrei má slokkna. Guð gefi þér gleðileg jól.

Sr. Sveinn Valgeirsson
dómkirkjuprestur



ÓBYGGÐALEIÐIR Á ÍSLANDI

JÓN G. SNÆLAND
ÓBYGGÐALEIÐIR Á ÍSLANDI

Spennandi og fáfarnar ferðaleiðir um hálendi Íslands. Bók sem allir fjallamenn verða að hafa í bílnum.

Hinn fullkomni ferðafélagi!

SKRUDDA
www.skrudda.is

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu og frábærar móttökur á nýja staðnum.

Iris og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is

Gleðilega hátíð

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000

Bernskuminningar úr Vesturbænum

Gylfi Kristinsson stjórnmálafræðingur sem býr í Tjarnargötunni rifjar upp bernskuminningar í Bráðræðisholtinu

Og þá fannst okkur jólin gengin í garð!

Sú hefð hefur myndast við ritun æskuminninga úr Vesturbænum að segja nokkur deili á sér og sínum í og með til að svara forvitni þeirra sem vilja kunna einhver skil á höfund. Ég ætla að fylgja þessari hefð en hef eftirfarandi aðdraganda.

Um tíma þurfti ég vegna starfa minna að dvelja árlega um þriggja vikna skeið í Sviss. Ég var þar í félagsskap landa. Einn í þessum hópi var mjög meðvitaður um ætt sína og uppruna. Á góðum stundum fengum við ferðafélagar hans ósjaldan að heyra að við værum óbreyttir sveitamenn sem hefðum flust á mölina. Hann væri sá eini í hópnum sem gæti kallast sannur Reykvíkingur. Amma hans hafði nefnilega búið í tilteknum steinbæ á Bráðræðisholtinu á seinni hluta 19. aldar. Ég vissi að það var rétt og tók það svo sem ekkert sérstaklega nærri mér að vera kallaður sveitamaður. Ferðafélagarnir voru hins vegar ekki sérlega ánægðir með nafngiftina.

Víkurbjörðin

Um þetta leyti höguðu örlögin því þannig að tvennt gerðist sem hér skiptir máli. Á árinu 2004 var mér falið að koma út á bók niðjatali sem hafði „brunnið inni“ við gjaldprot Geneologia Islandorum. Bókin kom út árið 2006 undir heitinu Laugardalsætt. Í henni eru nöfn um 11 þúsund niðja. Af því leiddi að ég öðlaðist meiri þekkingu á forfeðrum og formæðrum en fram að þeim tíma hafði ættfræðin ekki verið mín sterka hlið. Seinna atriðið snéri að sundhópnnum í Vesturbæjarlauginni sem gengur undir nafninu „Vinir Dóra“ eftir foringjanum Halldóri Bergmann. Á þessum tíma var dr. Stefán Karlsson handitrafræðingur einn af traustustu félagsmönnum sundhópsins. Það mun hafa verið einhvern laugardag vorið 2005 að dr. Stefán bauð okkur sundfélögum sínum í Arnasafn að skoða handrit. Afsal Reykjavíkur eða Víkurjarðarinnar var eitt af því sem vakti athygli okkar en það hafði nýlega komið í leitirnar. Að sjálfsöguð rýndi ég í texta afsalsins eins og allir aðrir. Þar kemur fram að Guðrún Magnúsdóttir ekkja Narfa Ormssonar sýslumanns, sem var síðasti sjálfseignarbóndi Reykjavíkur eða Víkurjarðarinnar, afsalaði Danakonungi jörðina en fékk í staðinn þrjár jarðir: Bakka á Kjalarnesi, Kíðjabergr í Kjós og svo Laugarvatn í Arnessýslu. Konungsbréf þessu til

staðfestingar var gefið út árið 1616. Þarna var áhugi minn vakinn. Vegna vinnunnar við niðjatalið vissi ég að langa-langafar mínir bæði í föður og móðurætt tengdust Laugardalnum og Laugarvatni. Eftir smá rannsóknarvinnu kom í ljós það sem mig grunaði. Ég var kominn út af Guðrúnu Magnúsdóttur og Narfa Ormssyni. Ég þóttist nú heldur betur hafa bætt minn hag. Næst þegar hinn „eini og sanni Reykvíkingur“ hóf þuluna um sveitamennina var þessu að sjálfsöguð spilað út. Það varð löng þögn við þessum óvæntu upplýsingum og andlitið á hinum eina og sanna varð eitt spurningamerki. Síðan kom: „Skyldi hann rigna á morgun piltar?“ Síðan hefur ekki verið á málið minnst. Þess má geta að talið er að Víkurbærinn hafi staðið nokkurn veginn þar sem Herkastalinn stendur nú við enda Aðalstrætis, á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu. Við hjónin búum við hinn enda Tjarnargötunnar en kona mín er Jónína Vala Kristinsdóttir lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Bráðræðisholt og Grímstaðarholt

Langafi minni í föðurætt var Brynjólfur Eyjólfsson bóndi á Miðhúsum í Biskupstungum. Hann var sonur Eyjólfss Eyjólfssonar bónda og hreppstjóra og Guðrúnar Magnúsdóttur yngri. Þau bjuggu á Laugarvatni sem var föðurjörð Guðrúnar. Eyjólfur var sonur Ragnheiðar Bjarnadóttur og Eyjólfss Þorleifssonar á Snorrastöðum í Laugardal. Brynjólfur var kvæntur Ásdísi Sigurðardóttur frá Stardal í Mosfellssveit. Afi minn Sigurður Brynjólfsson flutti á mölina og keypti hús sem kallað var Liljustaðir á Bráðræðisholtinu að mig minnir árið 1916. Hann var kvæntur Dagnýju Nielsdóttur frá Flatøy á Breiðafirði. Hún var systir séra Árelíusar Nielssonar sem margir af minni kynslóð kannast við. Afafróðir minn Magnús Brynjólfsson og kona hans Margrét Ólafsdóttir fengu leyfi afa og ömmu til þess að byggja hús við hliðina sem varð Grandavegur 37. Þetta hús gengur undir nafninu Úlfaldinn. Annar afafróðir minn var Eyjólfur Brynjólfsson. Hann og kona hans Kristín Arnadóttir frá Miðdalskoti í Laugardal byggðu sér hús á Grímstaðarholtinu nánar tiltekið nr. 28 við Smyrilsveg. Þau áttu 10 börn. Frá þeim er kominn mikill ættgarður eins og nærri má geta. Allt einstakt úrvalsfólk og nokkrir traustir KR-ing-



Sjö ára gamall með foreldrunum Auði Guðmundsdóttur og Kristni B. Sigurðssyni. Myndin er tekin árið 1957.

ar. Í þeim hópi er ein af upphaldsfrænkum mínum Guðrún Eyjólfsdóttir sem lengi rak bókabúð á Dunhaga og síðar á Víðimelnum.

Bræðraborgarstígur og Túngata

Langafi minn í móðurætt var Runólfur sonur Magnúsar Eyjólfssonar bónda og hreppstjóra í Lykkju á Kjalarnesi. Þess má geta að Magnús í Lykkju og Eyjólfur á Laugarvatni voru bræður. Katrín hét ein systir þeirra. Hún var móðir Magnúsar Andréssonar prests á Gilsbakka í Hvítarsíðu. Þeir bræður voru einstaklega kynsælir og áttu hvor um sig um 20 börn og náði meirihluti þeirra fullorðinsaldri. Runólfur og kona hans Guðrún Guðmundsdóttir hófu búskap í steinbæ við Bræðraborgarstíg sem bar nafnið Miðhús sem nú er Bræðraborgarstígur 21b.

Þegar fjölskyldan stækkaði og efnin urðu meiri byggði langafi minn reisulegt timburhús á grunni gamla steinbæjarins. Flutt var inn í nýja húsið í kringum árið 1920. Þar búa nú Þórunn Klemensdóttir og Þróstur Ólafsson. Runólfur var í hópi þeirra sem hafði konungsbréf upp á að mega starfa sem fiskmatsmaður. Við það vann hann hjá verslun H.P. Duus í Kvosinni og síðar í fiskverkun Dvergs á Bráðræðisholtinu. Foreldrar langömmu minnar Guðrúnar voru Guðbjörg Marteinsdóttir og Guðmundur Jónsson. Þau bjuggu um tíma í Brekkholti við Drafnarstíg en síðar í Gunnarsholti þar sem nú er Holtsgata 6. Móðurafi minn Guðmundur Runólfsson byggði hosið á lóðinni við Bræðraborgarstíg, sem á þeim tíma var nokkuð stór, þar sem hann og amma mín Sesselja Friðriksdóttir bjuggu sín fyrstu búskaparár. Í húsinu við Bræðraborgarstíg 21b



Með afa mínum Sigurði Brynjólfssyni. Hann var af þeirri kynslóð sem fór ekki hattlaus út úr húsi.

bjuggu einnig afasystir mín Magdalena Runólfsdóttir og Guðmundur H. Guðmundsson húsgagnasmíðameistari og um skeið bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Þau byggðu sér síðar glæsilegt hús númer 32 við Túngötu. Sonur þeirra var Gunnar Guðmundsson hæstaréttardómari. Bræður þeirra voru Eyjólfur múrarameisterari og Magnús skipstjóri. Um þann síðarnefnda skrifaði Guðjón Friðriksson eina af sínu fyrstu bókum en hún heitir Togarasaga Magnúsar Runólfssonar. Sesselja var dóttir Friðriks Ólafssonar húsvarðar í Íslandsbanka við Austurstræti og Ketilríðar Friðgeirsdóttur. Þeirra er þar með getið í nýjum bókaflókki Þorsteins Jónssonar um Reykvíkinga. Ég þykist vita að einhver sé að velta því fyrir sér hvort hann hafi verið afi Friðriks stórmeistara í skák. Svárið við því er já. Ketilríður var hins vegar ekki amma hans heldur Valgerður Sigríður Magnúsdóttir. Hinn bráðmyndarlegi Friðrik langafi minn var ekki við eina fjölinna feldur í kvenna-málum. Hann átti börn með a.m.k. fjórum konum að því best er vitað.

Vesturgatan

Systir Sesselju ömmu minnar var Þórunn Friðriksdóttir. Hún var gift Kristófer Egilssyni járnsmið. Þau bjuggu að Vesturgötu 52 þar sem nú stendur fjölbýlishús. Á jarðhæð þess var lengi útibú Búnaðarbankans. Guðmundur afi minn lærði járnsmíði hjá Kristófer og þar kynntist hann ömmu minni. Tengslin við fólkið á Vesturgötu 52 voru mikil og nán. Meðal afkomenda þeirra Kristófers og Þórunnar var Kolbeinn læknir. Sonur hans er Egill tannlæknir góður vinur minn og fyrrverandi skólabróðir í MR. Það voru fleiri tengingar við Vesturgötuna.

Neðarlega við götuna á númer 23 rak Viggó Andersen rakarastofu. Hann var kvæntur annarri ömmu-systur minni Guðrúnu Friðriksdóttur. Móðir mín Auður Guðmundsdóttir var meðal þeirra kvenna sem fyrstar lærðu hárskeraiðnina og var á samningi hjá Viggó. Hann átti vanda til að koma til okkar á Grandavegin og fá móður mína til að hjálpa sér við að brýna skærin sem brúkuð voru á rakarastofunni. Viggó talaði þessa skemmtilegu dönskuskotnu íslensku. Guðrún og Viggó áttu tvær dætur Sigríði og Ketty Sigurbjörgu kölluð Susta. Hún fluttist til Wales á stíðsárunum og bjó þar til æviloka með manni sínum Francis Snowden. Ég heimsótti þau nokkrum sinnum. Einstök og eftirminnileg sæmdarhjón. Dóttursonur Sustu er Howell Roberts fornleifafræðingur sem hefur búið á Íslandi í áratug og stundað fornleifarannsóknir, meðal annars á Gásam.

Með þessu tel ég mig hafa gert ætt minni og uppruna nokkuð góð skil. Áður er komið fram að afi minn og amma keyptu hús við Grandaveg á Bráðræðisholtinu. Upp úr seinna stríði var byggt utan um þetta hús og því breytt í fjölbýlis- og fjölskylduhús. Í því voru fimm íbúðir. Það er núna númer 39. Ég ólst sem sagt upp í þessu húsi þar til foreldrar mínir fluttu sig enn vestar eða á Seltjarnarnes þar sem þau byggðu hús við Unnarbraut sem er í landi Bakka. Þetta var árið 1960 en þá var ég 10 ára. Næsta jörð við Bakka var Bakkakot en þar stundaði langafi minn Friðrik Ólafsson búskap um aldmótin 1900 þar til hann flutti sig í Austurstrætið.

Foreldrarnir höfðu eðlilega sam-



Langafi minn Friðrik Ólafsson á fáki sínum.

band við fjölmarga í Vesturbænum. Á þeim tíma var mun algengara að fólk sótti hvort annað heim en nú er. Ég fór oft með móðir minni í Stóru Mörk sem stóð við Ránargötu. Þar bjuggu Karítas Árnadóttir og Bergdís Jónsdóttir. Þær eru í hópi bestu vinkvenna hennar. Karítas var gift Þóri bróður Bergdísar. Þau voru börn Jóns Jónssonar sem lengi var verkstjóri hjá Hallgrími Benediksyni. Seinna átti ég því láni að fagna að kynnast dóttur Hallgríms Ingileifi Hallgímsdóttur móður bekkjabróður okkar hjóna Gunnars Snorra Gunnarssonar sendiherra. Svava Hjalta-dóttir var í hópi vinkvenna móður minnar. Hún var dóttir þess fræga manns Hjalta Jónssonar sem fyrstur kleif Eldey og fékk fyrir það þrek-virki viðurnefnið Eldeyjar-Hjalti. Hjalti byggði hús við hliðina á Stóru-Mörk sem enn stendur á horninu á Ránargötu og Bræðraborgarstíg.

Kjörlendi barna

Þegar ég lít til baka finnast mér það hafa verið mikil forréttindi að fá að alast upp á Bráðræðisholtinu. Það var kjörlendi fyrir hugmynda-rika og atorkusama krakka. Fyrstu minningarnar eru tengdar Bráðræði. Sveinn Jón Einarsson, sem aldrei var kallaður annað en Sveinjón, hafði þar á þessum árum hænsni. Ég var nokkrum sinnum sendur til Sveinjóns að kaupa hjá honum egg. Mér er einnig minnstætt að verða vitni að því að lamb kom í heiminn á Jófríðarstöðum sem stóð gengt knattspyrnuvelli KR. Hestar voru á beit í Þorfinnsstaðarmýrinni. Sam-band íslenskra samvinnufélaga var að koma sér fyrir á holtinu með byggingarvöruverslun og geymsl-svæði sem til allrar lukku fyrir okkur krakkana var ógirt. Þarna ægði saman bílum af öllum tegundum aðallega amerískum, traktorum, jarðvinnslutækjum, himin háum stæðum af mótatimbri, fjöll af ein-angrunarkorki, steypustyrktarjárn, vatnsrörum o.fl. o.fl. Á þessu dásam-lega leiksvæði undi krakkaskarinn sér frá því daglegum vinnutíma verkamannanna lauk og þar til sól gekk til víðar. Og svo voru það eplin og appelsínurnar. Á stríðsárunum og fram á sjöunda áratuginn voru ýmsar vörur háðar innflutningsleyf-um og skammtaðar. Þetta gildi m.a. um ávexti. Lengi vel sáuust þeir ekki í verslunum fyrr en í jólamánuðin-um. Okkur krökkunum á Bráðræð-isholtinu fannst jólin ganga í garð þegar vörubílar streymdu frá höfn-inni að vöruskemmum Sambandsins hlaðnir epla- og appelsínukössum. Oft biðu tugir þess á Grandavegi og jafnvel niður eftir Framnesvegi að Hringbraut að vera affermdir þessu fágæta lostæti. Ávaxtailminn lagði yfir Bráðræðisholtið. Paradís gat ekki tekið þessu fram.

Á fjórtánda árinu fékk ég sum-arvinnu hjá byggingarvöruverslun SÍS og vann þar í sjö sumur. Lang-ur vinnutími gaf góðar tekjur sem komu sér vel. Þetta var ekki það eina. Á Bráðræðisholtinu hafði Lýsi hf. starfsemi og í næsta nágrenni fyrirtæki Jóns Loftssonar sem fram-leiddi steina úr vikri sem notaðir voru við húsbýggingar. Í portinu hjá



Í sumarvinnu með góðum vini Hilmar J. Haukssyni (t.v.) á athafna-svæði Byggingarvöruverslunar SÍS á Bráðræðisholtinu. Hilmar lést árið 2007 aðeins 57 ára gamall. Í baksýn má sjá hlaða af mótatimri. Myndin er tekin 1967.

Jón Loftssyni var hægt að eiga góða stundir við að klífa fjallstinda úr vikri sem í okkar augum voru jafnok-ar Everest sem Edmont Hillary hafði nýlega sigrað.

Sjómenn og KR-ingar


Það var samt fjaran og höfnin sem hafði mesta aðdráttarafl. Ég hef sennilega ekki verið nema fimm til sex ára þegar ég fór að leggja leið mína á þessa staði auðvitað í fylgd með bestu vinunum þeim Jóni Má Ólasyni og Stefáni Einarssyni. Jón eða Nonni átti heima í Stóra Skip-holti við Grandaveg. Hann er son-ur Guðnýjar Guðbergsdóttur og Óla B. Jónssonar knattspyrnukappa og eins sigursælasta þjálfara KR. Í þessu sambandi verður ekki komist hjá því að minnst á aðra hetju KR en það var Þórólfur Beck sem átti heima við Lágholtsveg. Skammt frá átti Stebbi heima í Steinabæ. Hann er sonur Ingveldar Dagbjartsdóttur og Einars Sigurðssonar skipstjóra á Aðalbjörgu RE-5. Á stríðsárunum seinni vann Einar frækilegt björgun-arafrek á Viðeyjarsundum sem lengi verður í minnum haft. Þeir bræð-ur Sigurður, Guðbjartur og Stefán hafa haldið uppi merkinu og gera út tvær Aðalbjargar og reka fiskvinnslu í Ófirsey. Guðbjartur lést fyrir sköm-mu langt fyrir aldur fram. Í nýlegri bók Ólafs Hauks Simonarsonar Fuglalíf á Framnesvegi er að finna smellna lýsingu á því þegar Einar Sigurðsson varð fyrstur manna á Bráðræðisholtinu til að kaupa sjón-varp. Þetta olli nokkurri öfund á holtinu í garð Steinabæjarbræðra en Einar sá við því. Sjónvarpinu var einfaldlega snúið þannig að rolling-arnir á holtinu gátu legið á gluggan-um utan dyra og fylgst með því sem fram fór í varpinu. Þetta var á tímum Keflavíkursjónvarpsins sem sumir kölluðu Dátasjónvarpið. Mestra vin-selda nutu þættirnir um feðgana í Bonanza. Ég var í forréttindastétt-inni og sat innandyrna.

Selsvörin

Þótt sjónvarpið væri spennandi nýjung hafði fjaran vinninginn. Þar var hægt að etja kappi við Pétur Hoffman um „gullið“ á því sem hann kallaði Gullströndina í bráðskemmti-legri samtalsbók „Þér að segja“ sem Stefán Jónsson fyrrum fréttamaður Ríkisútvarpsins tók saman. Það fólst í því að fara að „grams“ en það var leit að smápeningum og kopar sem Ægir konungur hafði skolað úr ösku-haugum Reykjavíkur sem þá voru á Eiðisgranda. Þetta skapaði nokkr-ar tekjur sem fóru í sælgetis kaup hjá Gesti í Svalbarða eða hjá Júlla í Baldri sem voru á þessum tíma helstu nýlenduvöruverslanirnar við Framnesveginn. Annars skipti „hark-ið“ meira máli ef vel gekk. Hagnað-urinn af því gat skilað kóki og Prins Póló. Auðvitað voru haugarnir svart-ur blettur á umhverfinu og sjálfsagt ekki beinlínis heilsusamlegt að stika um sorpið frá borgarbúum. En í aug-um okkar krakkanna buðu haugarn-ir upp á stöðugar rannsóknarferðir sem ég leyfi mér að fullyrða að hafi tekið landkönnunarferðum fyrr og síðar langt fram.

Eiðistjörnin var á okkar mæli-kvarða sem gríðarlegt innhaf og á henni mátti sigla fleyjum af marg-víslegum stærðum og gerðum. Í Selsvörinni var lifleg útgerð. Þar sóttu grásleppukarlar sjóinn. Í þeirra hópi var Sigurður afi og faðir minn Kristinn Björgvin sem hafði af þessu nokkrar aukatekjur. Hann er prentari að iðn og vann sem slíkur fyrst hjá Jóni Helgasyni, síðar sem prentsmiðjustjóri hjá Alþýðublað-inu og loks verkstjóri í prentsmið-unni Eddu. Oftar en ekki var farið niður í vörina til þess að hjálpa til við að bera aflann upp á fjörükamb-inn og nausta bátana. Það var mik-ið óhappaverk þegar fyllt var upp í Selsvörina í kringum árið 1960. Hafn-ar svæðið og Örfiriseyinn höfðu sitt aðdáttafl. Fátt jafnaðist á við það að fara niður á höfn og renna fyr-ir ufsa eða kola en oft varð maður að láta sér lynda að fá bara mar-hnútt á öngulinn. Tíminn leið eins og örskot og helsta vandamálið var að fá krakkana til þess að koma í mat eða háttinn.

Af mörgu fleiru er að taka. Skóla-gangan var hefðbundin, fyrst Mela-skólinn og síðan Hagaskóli. Kamp Knox setti sinn svip á Vesturbæinn á árunum eftir stríð og fram á sjötta áratug síðustu aldar. Mannlífið þar var fjölbreytt og ekki alltaf fallett eins og fram kemur í bókum Ein-ars Kárasonar og frábærri mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar þar sem djöflaeyja rís. Ef til vill gefst síðar tækifæri til gera mannlífina í Vest-urbænum og Bráðræðisholtinu frek-ari skil en hér verður að láta staðar numið að þessu sinni.



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Afgreiðslutími um jólin:

Aðfangadagur 9–17 / Jóladag 12–17

Annar í jólum 10–23.30

Gamlársdagur 9–17 / Lokað nýársdag

PÉTURSBÚÐ

Ránargötu 15 Opín og vínaleg

Þríkrossinn

Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.

Íslenskt handverk
Fæst um land allt

Stuðningur til sjálfstæðis

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Þrír félagar af Bráðræðisholtinu við Aðalbjörgu RE-5 í Reykjavík-urhöfn. F.v.: Jón Már Ólason, Gylfi Kristinnsson og Stefán Einarsson.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. þökkum viðskiptin á árinu.



Blómagallerí

Hagamel 67 • Sími 552 6070



Helgihald í Neskirkju um jól og áramót

16. desember - Þriðji sunnudagur í aðventu <i>Ljósamessa og barnastarf kl. 11.00.</i> Sameiginlegt upphaf. Fermingarborn lesa, leiða bænagjörð og tendra ljós. Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari. Söngur, sögur, brúður, leikir og gleði í barnastarfinu. Umsjón sr. Sigurvin, Katrín og Ari. Samfélag og veitingar á Torginu eftir messu. Seld verða kerti fyrir Hjálparstarf kirkjunnar eftir messu.	25. desember - Jóladagur <i>Hátíðarmessa kl. 14.00.</i> Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Hátíðarsöngvar sungnir. Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.
20. desember – fimmtudagur <i>Jólasöngvar kl. 20.00.</i> Kór Neskirkju, Barna- og Stúlknakór Neskirkju og Hljómur, kór eldri borgara syngja. Stjórnendur Steingrímur Þórhallsson og Jóhanna Halldórsdóttir. Einsöngur Ragnheiður Þórhallsdóttir.	26. desember - Annar í jólum <i>Jólaskemmtun barnastarfsins kl. 11.00.</i> Sögð verður saga og söngvar sungnir. Gengið verður í kringum jólatré og gestir koma í heimsókn.
23. desember - Fjórdi sunnudagur í aðventu <i>Messa og barnastarf kl. 11.00.</i> Sameiginlegt upphaf. Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Örn Bárður Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari. Söngur, sögur, brúður, leikir og gleði í barnastarfinu. Umsjón sr. Sigurvin, Katrín og Ari. Samfélag og veitingar á Torginu eftir messu.	30. desember - Sunnudagur <i>Messa og barnastarf kl. 11.00.</i> Sameiginlegt upphaf. Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari. Söngur, sögur, brúður, leikir og gleði í barnastarfinu. Umsjón sr. Sigurvin, Katrín og Ari. Samfélag og veitingar á Torginu eftir messu.
24. desember - Aðfangadagur <i>Jólastund barnanna kl. 16.00.</i> Umsjón með stundinni hafa starfsmenn barnastarfsins. Barna- og Stúlknakór Neskirkju syngja. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Sigurvin Jónsson.	31. desember - Gamlárskvöld <i>Aftansöngur kl. 18.00.</i> Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.
<i>Aftansöngur kl. 18.00.</i> Einsöngur Ragnhildur Þórhallsdóttir. Tompet Baldvin Odds-son. Kór Neskirkju syngur. Organ-isti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Örn Bárður Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari.	1. janúar - Nýársdagur <i>Hátíðarmessa kl. 14.00.</i> Einsöngur Gissur Páll Gissurason. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Örn Bárður Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari.
<i>Jólanótt kl. 23.30.</i> Tófrar söngs, sögu og Guðskomu. Áhersla verður lögð á söng jólasálma og spádómstextar verða lesnir og guðspjall jólanna. Háskólabíói syngur. Organisti og stjórnandi Gunnsteinn Ólafsson. Prestur sr. Sigurður Árni Þórðarson.	6. janúar - Sunnudagur <i>Messa og barnastarf kl. 11.00.</i> Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Örn Bárður Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari. Söngur, sögur, brúður, leikir og gleði í barnastarfinu. Umsjón sr. Sigurvin, Katrín og Ari. Samfélag og veitingar á Torginu eftir messu.

Landsbankinn í Vesturbæ 50 ára

- tímamótunum fagnað með veglegri afmælisveislu

Landsbankinn í Vesturbæ fagnar um þessar mundir fimmtíu ára afmæli. Útibúið var opnað í nýrri og glæsilegri byggingu Háskólabíós þann 1. desember árið 1962 en opnun þess var liður í að efla þjónustu við einstök hverfi í borginni. Útibúið var lengst af í norðvestur enda bíóhússins en flutti síðar í nýja viðbyggingu hússins, þar sem útibúið er núna.

Í tilefni af tímamótunum buðu starfsmenn viðskiptavinum sínum og samstarfsfólki í afmælisveislu með jólaívafi mánudaginn 3. desember. Boðið var upp á heitt súkkulaði, kaffi og kökur. Auk þess voru möndlur ristaðar fyrir utan útibúið og Háskólabórinn söng jólalög fyrir gesti og gangandi.



Háskólabórinn söng jólalög fyrir utan útibúið undir stjórn Helga Margrét Marzelliúsardóttir.



Boðið var upp á ristaðar möndlur og heitt súkkulaði í afmælinu.

Samhentur hópur starfsmanna

„Í Landsbankanum í Vesturbæ starfar nú fimmtán manna samhentur hópur. Starfsfólk með ríka þjónustulund og góða háskólamenntun. Megináherslan er lögð á framúrskarandi bankaþjónustu og ráðgjöf jafnt til einstaklinga og fyrirtækja,” segir Brynjólfur Ægir Sævarsson útibússtjóri.



Brynjólfur Ægir Sævarsson útibússtjóri Landsbankans í Vesturbæ og Lilja H. Ægisdóttir aðstoðarútibússtjóri með afmælistertuna.



Starfsfólk Vesturbæjarútibús.

Áramótadiskarnir gleðja heimili landsins.

Áramótadiskarnir fást hjá Tólf tónum, Skífunni og í fleiri verslunum.

Áramóta- og prettándastund í Háskólabíói 30. des. kl.14:00. Áramótastund á þjóðlegum nótum, aðeins þetta eina skipti. Góð gjöf í jólapakkann og fyrir alla sem vilja upplifa notalega áramótastemmningu.

Sjá midi.is undir allir atburðir.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Munið að panta tímalega fyrir jólin.

Hlynur, Sara, Anna og Edda

Stofa fyrir alla fjölskylduna.
Næg bílastæði



VIÐ ERUM SVARTIR, VIÐ ERUM HVÍTIR



OG Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM UM ÁRAMÓTIN.

Ágætu Vesturbæingar

Stöndum saman allir sem einn og
látum ljós okkar skína svo um munar um áramótin!

Flugeldasalan hefst í KR-heimilinu 28. desember.

Bergsson mathús í Temparasundi léttur okkur lífið á aðventunni:

Íslenskur gæðamatur með Miðjarðarhafsívafi

Matreiðslumaðurinn Þórir Bergsson opnaði nýjan veitingastað í Templarasundi um mitt þetta ár undir nafninu Bergsson mathús. Staðurinn hefur þegar vakið ómælda lukku enda spennandi nýjung í íslenskri veitingahúsaflóru. Áherslan hefur til þessa verið á morgun – og hádegisverð, a enda opið frá sjö til sjö alla daga vikunnar. Brátt mun þó bæta í og verða opið til tíu á kvöldin. Þar er líka lögð rík áhersla á að fólk taki með sér mat heim á leið úr vinnunni og er verðinu mjög stillt í hof.

Í stuttu máli má segja að í boði sé íslenskur gæðamatur með Miðjarðarhafsívafi úr ferskasta hráefninu hverju sinni. Það þýðir að mikið er notað af skemmtilegum og góðum kryddum í óvæntu samhengi. Réttirnir eru léttir og á Bergsson má gjarnan fá hægeldað

lamb, allskonar bragðgóðan fisk, frábæra grænmetisrétti, lasagna, næringarríkar súpur, og fersk salöt úr árstíðarbundnu hráefni ásamt allskyns kökum, brauði og eðal kaffidrykkjum. Þá þykir

brönsinn á Bergsson sá albesti í bænum. Síðast en ekki síst er Bergsson mathús fyrst veitingahúsa til að bjóða upp á nýbakað súrdeigabrauð á hverjum einasta morgni.



Í tilefni aðventunnar býður Þórir Bergsson á Bergsson mathúsi upp á 2 fyrir 1 af “take away” réttum dagsins út desember, til að léttja þeim lífið sem eru önnur kafnir. Þið getið fylgst með fréttum af réttum dagsins á Facebook síðu Bergsson undir “Bergssonmathus”.

Lagnir endurnýjaðar á Bræðraborgarstíg



Umsvifin eru mikil en vinnan hefur dregst vegna þess að vinna hefur þurft á harðri klöpp.

Bræðraborgarstígurinn milli Vesturgötu og Ránargötu er nú allur sundurgrafinn, og hefur verið það um hríð. Framkvæmdin er á vegum OR og er verið að endurleggja lögn sem bilaði.

Framkvæmd verksins hefur því miður farið fram úr tímaáætlun m.a. vegna þess að verktaki hefur þurft að vinna á mikilli klöpp sem torveldað hefur framkvæmdina langt umfram það sem áætlað var. Áhersla er lögð á að OR og verktaki ljúki verkinu sem fyrst.



Heilsulindir í Reykjavík

Gefðu sundkort í jólagjöf

Fullorðnir	
6 mán. kort	15.000
Árskort	28.000
Börn	
6 mán. kort	6.000
Árskort	10.000

Afgreiðslutími sundstaða um jól og áramót 2012-2013

	Þorláksmessa	Aðfangadagur	Jóladagur	Annar í jólum	Gamlársdagur	Nýársdagur
	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan
Árbæjarlaug	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	12.00-18.00	08.00-12.30	Lokað
Breiðholtið	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Grafarvogslaug	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Klébergslaug	11.00-15.00	10.00-12.30	Lokað	Lokað	10.00-12.30	Lokað
Laugardalslaug	08.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	12.00-18.00	08.00-12.30	12.00-18.00
Sundhöllin	10.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Vesturbæjarlaug	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutímum

Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000

Frábær árangur 8. og 9. flokks KR í körfubolta:

Sterkt lið 8. flokks

KR vann B-riðil 9. flokks

Körfuboltapiltar sem fæddir eru 1999 skipa 8. flokk KR náðu einstökum árangri helgina 24. og 25. Nóvember sl. en þá tóku þeir þátt í B-riðlamóti 9. flokks á Íslandsmeistaramótinu. Þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu alla leikina og eru því komnir í A-riðil. Þeir kepptu við Stjörnuna, FSU, Hauka og Fjölni. 8. flokkur KR körfuboltapilta eru um margt einstakur. Drengirnir eru rétt um 20 og tefla fram tveimur jafnstærkum liðum í Íslandsmeistaramótinu þar sem þeir keppa við jafnaldra sína fædda 1999. Liðin tvö lenda alla jafna í 1.-3. sæti í riðlakeppnum Íslandsmeistaramótsins.

Þegar þeir hafa keppt upp fyrir sig í 9. flokknum hafa þeir yfirleitt lent í 2.-3. sæti B-riðils. Um síðustu helgi tóku þeir hins vegar á honum stóra sínum og unnu alla leiki riðilsins. Piltarnir sýndu mikinn karakter, vinnusemi og elju og uppskáru sæti í A-riðlinum fyrir vikið. Þeir munu því mæta 9. flokks liði KR sem skipað er drengjum fæddum 1998 í næstu riðlakeppni. Búast má við skemmtilegum leik þar sem landsins bestu lið sitt hvors árgangsins mun etja kappi. 9. flokkur er líka skipað einstökum leikmönnum sem hafa sigrað í öllum leikjum síðastliðin tvö ár.

Leikir helgarinnar

Allir leikirnir sem 8. flokkurinn spilaði í 9. flokks riðlakeppni Íslandsmótsins voru æsispennandi. Fyrri daginn spiluðu þeir við Hauka og Stjörnuna. Leikurinn við Hauka var jafn á flestum tölum en endaði með ótrú-



Sigurreifir KR-ingar í 8. flokki sem spiluðu upp fyrir sig í 9. flokki og unnu B-riðilinn og spila því í A-riðli.

legri baráttupreki KR-drengja og vannst 49-48. Leikurinn við Stjörnuna var með ólíkindum spennandi. KR-piltar spiluðu fádæma góða en um leið þrúða vörn. Jafnt var eftir venjulegan leiktíma 45-45. Var því framlengt og tóku þar KR-ingar málin föstum tókum og uppskáru verðskuldaðan 54-52 sigur.

Seinni daginn mættu KR-ingarnir FSU og Fjölni. KR hafði góð tók á leiknum við FSU, spiluðu góða vörn og sóttu af skynsemi. KR vann leikinn sannfærandi 51-34. Mest eftirvænting var fyrir síðasta leik mótsins sem var við Fjölni. Fjölnir er eitt sterkasta lið

ið í riðlinum og hefur á að skipa einum af betri körfuboltapiltum 98 árgangsins. Baráttan var gífurleg frá fyrstu sekúndu. Liðin skiptust á forystunni og var leikurinn fyrir vikið mjög skemmtilegur. Ekki skemmdi fyrir að bæði lið spiluðu skemmtilegan körfubolta með vönduðum útfærslum og gaf leikurinn meistaraflokksleikjum lítið eftir. Í síðasta leikhuta náði KR tókum á leiknum og vann 54-48. Leikkerfin og áherslan á varnarleikinn sem Bojan Desnica þjálfari hefur lagt áherslu á að kenna piltunum skiluðu frábærum árangri.

Handbolti:

Stöðugar framfarir hjá yngra ári 6. flokks karla & 6. flokks kvenna

Fyrir skömmu síðan var yngra ár 6. flokks karla og yngra ár 6. flokks kvenna að keppa á sínu öðru móti vetrarins. Strákarnir kepptu í Digranesi og voru með tvö lið. A-liðið keppti í 3. deild og spilaði 5 leiki. 2 leikir töpuðust með einu marki, 2 leikir unnust en sá fimmti tapaðist stórt. Tveir strákar af 8 í liðinu eru á sínu 3. ári í handbolta, allir hinir byrjuðu þegar þónokkuð var liðið á tímabilið í fyrra og svo núna í haust.

Miklar bætingar eru þó í gangi og voru hreyfingar, skot, markvörslur og ákvörðunartökur að sjást á mótinu sem lengi vel sáust ekki framan af vetri. B-liðið spilaði í 5. deild. Í því liði voru níu strákar, þar af fjórir í 7. flokki, tveir þeirra voru meira segja á yngra ári í 7. flokki. Tveir þeirra byrjuðu á fyrstu æfingu á síðasta tímabili, allir hinir 7 strákarnir byrjuðu í haust. Fyrsti leikurinn var gegn HK og vannst. Næstu tveir leikir töpuðust á móti FH og Gróttu en strákarnir voru staðráðnir í því að enda mótið vel og gefa allt sem þeir áttu í síðasta leikinn sem svo vannst á móti Stjörnunni. Gríðarleg barátta, leikgleði og stemming einkenndi þann leik og fóru strákarnir alsælir heim af mótinu, reynslunni ríkari.

Stelpurnar voru með eitt lið og kepptu í Fylkisheimilinu í 3. deild. Stelpurnar lentu í hörkuleik á móti ÍBV sem tapaðist 9-6. Næsti leikur var við mjög gott lið Selfoss. Stelpurnar komust óvænt yfir 4-1 og í stöðunni 6-5 fengu stelpurnar tvo sénsa til að komast 2 mörkum yfir og fara langleiðina með það að vinna sigur í leiknum. Selfoss stelpurnar voru þó klókari á endasprettinum og sigruðu 8-6. Sigur vannst í tveimur næstu leikjum, gegn Stjörnunni og Fylki. Stelpurnar eiga sannarlega framtíðina fyrir sér, höfðu gríðarlega gaman af spilamennskunni og allri samveru, utan sem innan vallar. Sannarlega réttur íþróttandi.



Í leik gegn Stjörnunni.



Leikgleði er mikilvæg í öllum íþróttum, ekki síst flokkaíþróttum. Hér er sigri fagnað eftir leik í 6. flokki kvenna.

KR-SÍÐAN



Dominos-deild kvenna:

KR-ingar komnir í 3. sæti

KR vann Íslandsmeistara Njarðvíkur 68-63 í leik liðanna í Dominos-deild kvenna fyrir skömmu. Stigahæst KR-inga var Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir með 21 stig og 6 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir skoraði 13 stig, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 10 stig og hirti 10 fráköst og Patechia Hartman skoraði 10 sgig og hirti 10 fráköst, aðrir leikmenn skoruðu minna. Lele Hardy var allt í öllu í leik Njarðvíkinga, skoraði 31 stig, hirti 16 fráköst, átti 6 stoðsendingar og stal fimm boltum.

KR lék gegn Haukum á sunnudag og vann KR 16 stiga stigur á Haukum, 83-67, og er nú aðeins tveimur stigum á eftir Snæfelli í þriðja sæti deildarinnar með 18 stig. Sigrún Sjöfn Ámundadóttir spilaði afar vel fyrir KR en hún skoraði 23 stig og tók 11 fráköst. KR og Snæfell mættust í leik í Stykkishólmi í gærkvöldi, miðvikudag, en síðan er hlé fram yfir áramót.

Lið KR í Dominos-deild karla



Frá leik KR gegn Grindavík og birkarkeppni í haust. Það er Björg Guðrún Einarsdóttir sem geysist að vörn Grindvíkinga með boltann.

leikur í kvöld, fimmtudag, í Borgarnesi gegn Skallagrími en síðan er jólafrí í deildinni fram yfir áramót. KR-ingar eru 5. sæti Dominos-deildar karla fyrir leikinn í kvöld, fjórum stigum á eftir Þór Þorlákshöfn, Grindavík og Snæfelli og tveimur stigum á eftir Stjörnunni.

Þú færð

KR-vörurnar hjá okkur!

Jói útherji
www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560



GETRAUNANÚMER

KR ER 107

Allar jólabækurnar

og mikið úrval klassískra bóka á góðu verði
Bóksala stúdenta - Háskólatorgi



Okkar verð:
4.395 kr.



Okkar verð:
4.490 kr.



Okkar verð:
3.540 kr.



Okkar verð:
3.690 kr.



Okkar verð:
4.895 kr.



Okkar verð:
4.965 kr.




Okkar verð:
4.885 kr.




Okkar verð:
4.495 kr.



Okkar verð:
2.490 kr.




Okkar verð:
3.995 kr.



Okkar verð:
4.495 kr.



Okkar verð:
13.380 kr.



Okkar verð:
1.825 kr.



Okkar verð:
2.520 kr.




Okkar verð:
3.495 kr.

Klassískar kiljur
í hundraðatali.

Tilvalin jólagjöf!



Okkar verð:
549 kr.



Okkar verð frá:
390–1.990 kr.

Mikið úrval bóka á góðu verði.
Jólatilboð á tugum nýrra íslenskra bóka.
Kynntu þér úrvalið á boksala.is

Afgreiðslutími á Háskólatorgi til jóla:
Virkir dagar. 9–18
Laugardagurinn 15. des. 11–16
Laugardagurinn 22. des. 11–18
Þorláksmessa 10–18
Aðfangadagur 9–12
Gamlársdagur. 9–12

bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is